



**„Ég held að það skipti rosalega miklu máli,  
sú ákvörðun að það eigi að læra  
tungumálið“**

Íslenskunám tvítyngdra nemenda á unglingastigi í  
grunnskóla

Heiðís Júlíusdóttir

Október 2018

M.Ed.-prófs

Deild faggreinakennslu



**HÁSKÓLI ÍSLANDS**  
**MENNTAVÍSINDASVIÐ**



**„Ég held að það skipti rosalega miklu máli, sú ákvörðun  
að það eigi að læra tungumálið“**

***Íslenskunám tvítyngdra nemenda á unglíngastigi í grunnskóla***

Heiðdís Júlíusdóttir

Lokaverkefni til M.Ed-prófs í grunnskólakennarafræði

Leiðbeinandi: Sigurður Konráðsson

Deild faggreinakennslu  
Menntavísindasvið Háskóla Íslands

Október 2018



**HÁSKÓLI ÍSLANDS**  
**MENNTAVÍSINDASVIÐ**

„Ég held að það skipti rosalega miklu máli, sú ákvörðun að það eigi að læra tungumálið” - Íslenskunám tvítyngdra nemenda á unglíngastigi í grunnskóla.

Ritgerð þessi er 30 eininga lokaverkefni til M.Ed-prófs  
í grunnskólakennarafræði við deild faggreinakennslu,  
Menntavísindasviði Háskóla Íslands

© 2018, Heiðdís Júlíusdóttir

Lokaverkefni má ekki afrita né dreifa rafrænt nema með leyfi  
höfundar.

Prentun: Háskólaprent

Reykjavík, 2018

## Formáli

Þessi ritgerð er 30 ETC eininga meistaraþrófsverkefni til fullnaðar M.Ed. gráðu í grunnskólakennarafræði við Menntavísindasvið Háskóla Íslands. Rannsóknin er unnin á tímabilinu 2017-2018. Markmið með þessari rannsókn var að kanna tilhögun íslenskunáms ásamt hlutverki foreldra unglunga í tveimur grunnskólum á landsbyggð. Tekin voru viðtöl við sex nemendur, kennara þeirra og foreldra nemenda til þess að fá djúpan skilning á framvindu kennslu þeirra.

Áhugi minn á þessu viðfangsefni vaknaði þegar ég vann verkefni í grunnnámi mínu. Ég sótti námskeið sem tengist námi nemenda með annað móðurmál en íslensku. Í verkefninu tók ég viðtöl við íslenskukennara í grunnskóla á Vesturlandi. Einn kennari tók það fram í viðtali sínu að hún hafi kennt tvítýngdum nemanda og foreldrar þessara nemanda tóku lítinn þátt í námi barnsins. Hún taldi það hafa mikil áhrif á árangur nemanda síns. Ég vil sérstaklega þakka henni fyrir stuðning og kveikju á rannsókninni. Verkefnið fékk mig til að hugsa betur um nám tvítýngdra nemenda, ásamt því að hafa lesið fræðigreinar og kynnt mér fyrri rannsóknir, jókst áhugi minn.

Leiðbeinandi minn við rannsóknina var Sigurður Konráðsson, prófessor í íslensku við Menntavísindasvið. Honum vil ég þakka kærlega fyrir trygga og góða leiðsögn, mikinn stuðning, gott samstarf og hvatningu. Allir þeir sem tóku þátt í rannsókninni, kennarar, nemendur og foreldrar þeirra fá sérstakar þakkir fyrir að gefa sér tíma til þess að mæta í viðtöl á öllum tímum og sýna mikla þolinmæði. Án þeirra væri ekki rannsókn til að byggja. Að lokum vil ég þakka sambýlismanni mínum og börnum mínum þrem fyrir endalausa þolinmæði og skilning ásamt stuðning og mikilli hvatningu.

Þetta lokaverkefni er samið af mér undirritaðri. Ég hef kynnt mér *Vísindasiðreglur Háskóla Íslands*. Ég hef gætt viðmiða um siðferði í rannsóknum og fyllstu ráðvendi í öflun og miðlun upplýsinga og túlkun niðurstaðna. Ég vísa til alls efnis sem ég hef sótt til annarra, hvort sem um er að ræða ábendingar, myndir, efni eða orðalag. Þetta staðfesti ég með undirskrift minni.

Reykjavík, júní 2018

*Heiðdís Júlíusdóttir*

## Ágrip

Þegar einstaklingar flytja til landa þar sem talað er annað tungumál en þeirra eigið þurfa þeir að takast á við það stóra verkefnið læra nýtt tungumál. Það að læra nýtt tungumál krefst mikils áhuga, tíma og auðvitað vinnu. Margt getur haft áhrif á það hvernig til tekst að læra nýja tungumálið og getur aldur, forsendur til náms, þekking á öðrum tungumálum og persónulegir þættir eins og viðhorf verið hluti af því. Ýmislegt þarf einnig að hafa í huga þegar kemur að námi tvítýngdra nemenda og margir þættir koma inn í það ferli eins og kemur fram í þessari rannsókn.

Markmið rannsóknarinnar var að kanna tilhögun íslenskunáms tvítýngdra unglinga í tveimur grunnskólum á landsbyggð samhliða því hvaða hlutverki foreldrar gegna í námi barna sinna. Sex nemendur á unglingastigi í grunnskóla tóku þátt í rannsókninni ásamt umsjónarkennurum og foreldrum þeirra. Misjafnt var hve lengi foreldrar nemenda hafa verið búsett á Íslandi en það var frá bilinu sex og hálf títal til 23 ár. Kennarar sem tóku þátt í rannsókninni höfðu kennt tvítýngdum nemendum frá sex ár til 18 ár og hafa því öll ágæta reynslu á því sviði. Nemendur höfðu stundað nám ýmist í sex ár og frá því þau byrjuðu skólagöngu sína til dagsins í dag.

Tekin voru hálfopin einstaklingsviðtöl við þátttakendur. Viðtalsrammanum var skipt í þrjú hluta sem tengdust kennurum, nemendum og foreldrum þeirra. Í hverju viðtali voru sex til níu spurningar. Auk þess var rætt saman fyrir hvert viðtal með kynningu viðfangsefnis rannsóknar og tilgangi hennar. Í lok allra viðtala var spurt hvernig hægt væri að bæta íslenskunám þessa ákveðnu tvítýngdu nemenda.

Meginniðurstöður rannsóknarinnar voru að kennarar eru allir sammála um að foreldrar hafa mikil áhrif á íslenskunám tvítýngdra barna. Á sama tíma segja þeir það skipta miklu máli hvernig viðhorf bæði foreldrar og nemendurnir hafa gagnvart náminu. Þeir nemendur sem tóku þátt í rannsókninni eru allir duglegir og metnaðarfullir námsmenn. Foreldrar þeirra hafa misgóða færni í íslensku en styðja börn sín eins mikið og þau geta. Foreldrarnir reyna að taka sem mest þátt í námi barna sinna þó svo að sum þeirra eigi erfitt með að skilja íslensku eða tala hana sjálf.

## Abstract

**„In my opinion I think it is very important, that decision you make to learn that language“**

When people move to a countries with a different language than their own, they have to take on that big project learning a new language. Learning a new language requires a lot of interest on people's behafe, time and of course a lot of work. Many things can affect how the individual learns a new language and age, conditions for learning, knowledge on the new language and personal factors such as attitudes towards the language can be a part of that. There are various things to consider when it comes to teaching bilingual students and many factors are included in that process as stated in this study.

The purpose of this study is to research how bilingual young adult adolensence are taught the icelandic language in two elementary schools in a small town in west Iceland. Six young adult students took part in this research along with their teacher and parents. The parents that took part in this research have live in Iceland from six up to 23 years, the teachers have taught bilingual students from six to 18 years, so they have a good experience in that apartment. The students that participated in the interviews have lived in Iceland from birth and up to over six years.

The participants were interviewed individually by using a semi-stuctured interview approach. The frame of the interviews was split in three parts which related to teachers of bilingual students, bilingual students and their parents. In each interview were six to nine questions asked. Along with an introduction of the research at the beginning of the interview. At the end of all interviews the researcher asked how education of bilingual students can possibly improved.

The main research results divides into two main chapters, on the one hand emphasis on the education of the bilingual students were there is accounted for teacher's attitude towards bilingual education and their experience on that matter, student's icelandic language studies along with education of their mothers tongue. On the other the results of the parent's attitude and their qualification of the icelandic language will be covered.

# Efnisyfirlit

|   |           |
|---|-----------|
| <b>FORMÁLI</b> .....                          | <b>5</b>  |
| <b>ÁGRIP</b> .....                            | <b>6</b>  |
| <b>ABSTRACT</b> .....                         | <b>7</b>  |
| <b>EFNISYFIRLIT</b> .....                     | <b>8</b>  |
| <b>1 INNGANGUR</b> .....                      | <b>10</b> |
| <b>2 FRÆÐILEGUR BAKGRUNNUR</b> .....          | <b>12</b> |
| 2.1 TVÍTYNGI .....                            | 12        |
| 2.1.1 Hugtakið tvítýngi .....                 | 12        |
| 2.1.2 Mikilvægi móðurmálsins .....            | 14        |
| 2.2 TVÍTYNGI Í SKÓLASTARFI .....              | 16        |
| 2.2.1 Tvítýngdir nemendur .....               | 16        |
| 2.2.2 Kennsla tvítýngdra nemenda .....        | 17        |
| 2.3 TVÍTYNGI Í GRUNNSKÓLUM .....              | 19        |
| 2.3.1 Foreldrasamstarf .....                  | 19        |
| 2.3.2 Lög og reglugerð .....                  | 21        |
| <b>3 RANNSÓKN</b> .....                       | <b>23</b> |
| 3.1 MARKMIÐ RANNSÓKNAR .....                  | 23        |
| 3.2 EIGINDLEG AÐFERÐAFRÆÐI .....              | 23        |
| 3.3 EINSTAKLINGSVIÐTÖL .....                  | 24        |
| 3.4 UNDIRBÚNINGUR OG VAL Á VIÐMÆLENDUM .....  | 24        |
| 3.5 VIÐMÆLENDUR .....                         | 25        |
| 3.5.1 Sara .....                              | 25        |
| 3.5.2 Daníel .....                            | 26        |
| 3.5.3 Klara .....                             | 27        |
| 3.5.4 Anna .....                              | 27        |
| 3.5.5 Lísa .....                              | 28        |
| 3.5.6 Díana .....                             | 29        |
| 3.6 ÖFLUN OG ÚRVINNSLA GAGNA .....            | 30        |
| 3.7 SAMANTEKT .....                           | 31        |
| 3.8 SIÐFERÐISLEGIR ÞÆTTIR .....               | 31        |
| <b>4 NIÐURSTÖÐUR</b> .....                    | <b>32</b> |
| 4.1 ÁHERSLUR Í KENNSLU TVÍTYNGDRA BARNA ..... | 32        |
| 4.1.1 Viðhorf og reynsla kennara .....        | 32        |
| 4.1.2 Íslenskunám nemendanna .....            | 41        |
| 4.1.3 Nám í móðurmáli nemenda .....           | 44        |
| 4.1.4 Samantekt .....                         | 47        |
| 4.2 VIÐHORF FORELDRA TVÍTYNGDRA BARNA .....   | 48        |
| 4.2.1 Íslenskuhæfni foreldra .....            | 48        |
| 4.2.2 Viðhorf foreldra til íslenskunám .....  | 51        |
| 4.2.3 Samantekt .....                         | 57        |
| <b>5 UMRÆÐA</b> .....                         | <b>58</b> |
| 5.1 KENNSLA TVÍTYNGDRA .....                  | 58        |

|  |           |
|--|-----------|
| 5.2 ÍSLENSKUNÁM TVÍTYNGDRA NEMENDA.....                      | 61        |
| 5.3 ÍSLENSKUHÆFNI OG VIÐHORF FORELDRA TVÍTYNGDRA BARNA ..... | 62        |
| 5.4 SVÖR VIÐ RANNSÓKNARSPURNINGU .....                       | 63        |
| <b>6 LOKAORÐ .....</b>                                       | <b>64</b> |
| <b>HEIMILDIR .....</b>                                       | <b>66</b> |
| <b>VIÐAUKI A: LEYFI.....</b>                                 | <b>69</b> |



# 1 Inngangur

Skilgreining á Tvítýngi (e. bilingualism) hefur verið sett fram á mismunandi hátt. Sumir fræðimenn nota þetta heiti eingöngu um þá sem hafa alist upp við tvö mál frá unga aldri. Aðrir nota heitið tvítýngi í mun breiðari skilningi, eða um alla þá sem notast við tvö mál að einhverju leyti í daglegu lífi eða búa jafnvel yfir kunnáttu á tveimur málum þótt þeir noti annað málið ef til vill afar sjaldan (Elín Þöll Þórðardóttir, 2007, bls. 102).

Það er mikilvægt viðfangsefni að bæta íslenskukunnáttu þeirra nemenda sem hafa annað mál en íslensku að móðurmáli segir í Aðalnámskrá grunnskóla (2013). Hæfni í íslensku er forsenda þess að þeir verði að virkum þátttakendum í samfélagi, lýðræði og jafnrétti og geti lagt stund á almennt nám í íslenskum skólum. Það hversu mikið eða oft fólk notar bæði málin segir ekki alltaf til um færni þeirra í málunum (Aðalnámskrá grunnskóla, 2013, bls. 106).

Foreldrar horfa misjöfnum augum á nám og kennslu barna sinna. Sumir foreldrar eru vanir því að lítil samskipti séu á milli skóla og heimila og að þeim komi jafnvel menntun barna sinna ekki við. Það er því hlutverk kennarans að sýna þeim foreldrum mikilvægi samstarfs heimilis og skóla og komi því á framfæri að þeir séu hvattir til þess að taka þátt í námi barna sinna (Hanna Ragnarsdóttir, 2007, bls. 253).

Í 16. grein grunnskólalaga segir að tryggja skuli að tvítýngdir nemendur og foreldrar þeirra fái ráðgjöf og aðgang að upplýsingum um grunnskólastarf. Skv. Aðalnámskrá grunnskóla (2013) skulu foreldrar eiga kost á að taka þátt í námi barnsins, svo og í skólastarfinu almennt. Það segir einnig að skylda sé að foreldrar að veiti grunnskóla upplýsingar um barnið sem kunna að skipta máli fyrir skólastarfið og velferð þess. Foreldrar beri ábyrgð á því að börn þeirra sinni því heimanámi sem skólinn og foreldrar hvers einstaks barns hafa orðið ásátt um (Aðalnámskrá grunnskóla, 2013, bls. 71-73). Mörg börn eiga foreldra sem hafa sama móðurmál og barnið en einnig er um það að ræða að báðir foreldrar sem hafa sama móðurmál og barnið og í sumum tilvikum er annað foreldrið með íslensku að móðurmáli. Það getur haft áhrif á máluppeldi barnsins og samband milli heimilis og skóla. Þetta skiptir máli við máltöku nýs máls ásamt stöðu þessara barna í námi, menningarlegum mismuni og menntun foreldra. Mikilvægt er í öllum tilvikum að hvetja foreldra til að styðja við íslenskunám barna sinna og jafnframt rækta og þróa eigið móðurmál til að stuðla að virku tvítýngi allra nemenda með annað móðurmál en íslensku (Aðalnámskrá grunnskóla, 2013, bls. 106).

Markmið rannsóknarinnar var að kanna tilhöggun íslenskunáms tvítýngdra unglinga í tveimur grunnskólum á landsbyggð ásamt því hvaða hlutverki foreldrar gegna í námi barna

sinna. Í ritgerðinni er leitað svara við rannsóknarspurningunum: Hvernig er íslenskunám tvítyngdra nemenda á unglíngastigi í grunnskóla háttað? Hvaða hlutverki gegna foreldrar í námi barna sinna? Spurningar þessar geta verið flóknar að leita svara en hér á eftir verður fjallað um niðurstöður rannsóknarinnar sem unnið var úr viðtölum við þátttakendur.

Í niðurstöðum rannsóknarinnar kom í ljós að kennarar nemendanna lögðu helst áherslu á að kennsla tvítyngdra nemenda yrði sem líkust kennslu eintýngdra nemenda. Fyrir utan það að þeir þyrftu stundum að finna námsefni sem hentar yngri stigum grunnskóla. Allir kennararnir fundu sjálf námsefni fyrir nemendur sína og aðeins tveir fengu hjálp frá sérkennara til að byrja með. Allir kennararnir voru sammála um að þeir hafi lært mest af reynslunni. Fæstir kennararnir sóttu sérsniðin námskeið til að fræðast um kennslu tvítyngdra. Einnig kom í ljós að kennara töldu að foreldrarnir hafi áhrif á íslenskunám barnanna á einhvern hátt.

Ritgerðinni er skipt niður í fræðilegan hluta, tilhögun aðferðar, þ.e. aðferðarfræði rannsóknarinnar og einkenni hennar, þar fylgir eftir niðurstöðukafli með helstu niðurstöðum rannsóknarinnar. Að lokum umræðukafli þar sem fjallar er um niðurstöður í tengslum við fræðilega hluta verksins. Í lokaorðum ritgerðarinnar eru settar fram vangaveltur rannsakandans um niðurstöðurnar.

## 2 Fræðilegur bakgrunnur

### 2.1 Tvítýngi

Eitt fyrsta rit um tvítýngi skrifaði strúktúralistinn Leonard Bloomfield árið 1933 þar sem hann skilgreindi tvítýngi sem kunnáttu í tveimur tungumálum til jafns við innfædda. Sömuleiðis kemur fram í orðabók Webster frá árinu 1961 að hann segir tvítýngi vera það að notfæra sér tvö tungumál á jafnan hátt, þegar bæði tungumálin eru töluð fullkomnlega. Skilgreiningar af þessu tagi hefur verið rannsakað betur og er ekki aðeins til ein skilgreining á hugtakinu tvítýngi.

#### 2.1.1 Hugtakið tvítýngi

Þórdís Gísladóttir (2004) segir í grein sinni *Hvað er tvítýngi* að tvítýngi hafi verið rannsakað markvisst af fræðimönnum síðustu áratugi. Hún segir frá því að mannfræðingar, sálfræðingar, félagsfræðingar, mállýskufræðingar og málfræðingar með ýmis sérsvið og áhugamál hafi rannsakað tvítýngi frá ólíkum sjónarhornum og að ekki er hægt að segja að ein almennt viðurkennd skilgreining á hugtakinu tvítýngi sé til. Í greininni kemur einnig fram að tvítýngi sem einstaklingsfyrirbæri hefur margar skilgreiningar og fræðimenn eru á ýmsan hátt ósammála um þá skilgreiningu. Í augu almennings er það oft forsenda þess að manneskja geti talist tvítýngd að hún tali tungumál sín jafn vel og um væri að ræða eintýngdan einstakling á hvoru málinu væri að ræða. Það er því oft nauðsynlegt að einstaklingur hafi lært tungumálin jafn mikið alla sína ævi eða frá unga aldri, til að hægt sé að kalla viðkomandi tvítýngdan. Nú til dags er þetta hins vegar ekki litið svona á (Þórdís Gísladóttir, 2004).

Í bókinni *Foundation of Bilingual Education and Bilingualism* skrifar Baker (2001, bls. 1-16): „Þar sem hjól hefur tvö dekk og sjónauki er fyrir tvö augu virðist tvítýngi einungis vera tvö tungumál“. Baker vildi sýna fram á það að tvítýngi er ekki eins einfalt og hjól með tvö dekk. Hann segir að greinamunur sé á milli einstaklingstvítýngi (e. individual bilingualism) og tvítýngishópum (e. societal bilingualism) og að mikilvæg tengsl sé á milli þessarra tveggja skilgreininga. Til að mynda getur viðhorf einstaklinga á tilteknu minnihluta tungumáli haft áhrif á viðhaldi tungumálsins eða jafnvel útrýmingu þess í samfélagi. Hann segir mikinn mun vera á milli einstaklingstvítýngis og notkun tveggja eða fleiri tungumála í hópum, samfélagi og þess háttar. Einstaklingstvítýngi er í rauninni geta einstaklingsins í hvoru tungumálinu fyrir sig og á hvaða hátt hann nýtir sér það í daglegu lífi (Baker, 2001, bls. 1-16).

Baker (2001) bætir því við að jafn mikil geta í báðum tungumálum tvítýngdra einstaklinga sé mjög sjaldgæf. Þeir hafa vanalega tvö tungumál sem þau nota við ólíkar aðstæður og af ólíkum ástæðum. Colin Baker og Sylvia Prys Jones (1998, bls. 6-9) fara nánar

út í kosti og ókosti þess sem fylgir því að vera tvítyngdur í bók sinni *Encyclopedia of Bilingualism and Bilingual Education*. Þau nefna þó nokkra kosti þess, þar á meðal að börn geti átt jákvæð sambönd við foreldra sína með því að hafa samskipti við báða foreldra á þeirra móðurmáli. Sömuleiðis þegar kemur að öðrum fjölskyldumeðlimum. Tvítyngd börn hafa einnig möguleika á að eiga í samskiptum við ólík samfélög og eiga auðveldara með að byggja sambönd við annað fólk í öðrum menningarheimum. Þau börn búa því yfir þeim kosti að hafa reynslu af tveimur eða fleirum heimum og öllu sem því fylgir. Tvítyngi hefur jákvæð áhrif á samskiptafærni, ólíka menningarheima og skapandi hugsun (Baker og Jones, 1998).

Tvítyngi getur þó haft í för með sér ýmsa ókosti að mati Baker og Jones (1998) og tengja þau það helst við sjálfsmynd einstaklinga. Ef að barni gengur illa í skóla geta foreldrar og kennarar auðveldlega kennt skólanum, gáfum barnsins, persónuleika þess, kennslu eða metnaði barnsins um. En í rauninni getur verið erfitt fyrir tvítyngdan nemenda að ná tökum á námi á öðru tungumálinu, þó svo að tvítyngi hafi ekki endilega neikvæð áhrif á nám barnsins. Annar ókostur sem getur fylgt tvítyngdi er að börn eiga oft erfitt með að skilgreina þjóðerni sitt og hafa áhyggjur af því að tilheyra hvorugum hópnum. Baker og Jones taka dæmi um að ef barn á móður sem á frönsku sem móðurmál en faðir með ensku á barnið oft erfitt með að átta sig á hvort þau tilheyra enskunnri eða frönskunnri (Baker og Jones, 1998, bls. 6-9).

Eins og kemur fram hér að ofan getur færni fólks í tungumálunum verið misjöfn eftir því hvaða þættir eiga í hlut eins og tal, hlustun, lestur og ritun. Til dæmis geta sumir talað tungumál mjög vel en nota þó einungis annað málið þegar kemur að því að lesa eða skrifa. Mjög fáir eru nákvæmlega jafn góðir í báðum málunum. Annað tungumálanna er oftast sterkara en hitt og kallast það ríkjandi mál (e. dominant language).

Tvítyngi er bæði notað um börn sem komin eru vel á veg með að tileinka sér tvö mál og geta auðveldlega tjáð sig á þeim báðum og einnig um þau sem styttra eru komin og eiga enn í erfiðleikum með að skilja og tjá sig á öðru eða báðum málum (Ingibjörg Hafstað, 1994, bls.9). Það er því mikilvægt viðfangsefni að bæta íslenskukunnáttu þeirra nemenda sem hafa annað mál en íslensku að móðurmáli segir í Aðalnámskrá grunnskóla (2013). Hæfni í íslensku er forsenda þess að þeir verði að virkum þátttakendum í samfélagi, lýðræði og jafnrétti og geti lagt stund á almennt nám í íslenskum skólum. Það hversu mikið eða oft fólk notar bæði málin segir ekki alltaf til um færni þeirra í málunum (Aðalnámskrá grunnskóla, 2013, bls. 106).

Þegar allt kemur til alls er tvítyngi mjög fjölþætt og ekki hægt að skilgreina það á einn hátt. Hægt er að lýsa hæfni tvítyngdra einstaklinga með þeim hætti að kunnátta

einstaklingsins í einu máli er á öðrum endanum og góð kunnátta í tveimur málum á hinum, þar á milli spannar kvarðinn allt rófið (Elín Þöll Þórðardóttir, 2007, bls. 103).

### 2.1.2 Mikilvægi móðurmálsins

Baker (2000) skilgreinir móðurmál á mismunandi hátt. Hann segir að móðurmál geti verið fyrsta tungumálið sem lært er að tala óháð því af hverjum börn læra það. Hann segir einnig að það sé mál sem einstaklingur notar oftast, mál sem einstaklingur hefur jákvæðara viðhorf til eða málið sem er eða var notað á heimili einstaklingsins í bernsku, hvort sem einstaklingur notar það á fullorðinsárum eða ekki. Einu gildir hvort málin eru fleiri en eitt. Móðurmál er það mál sem börn læra fyrst á lífsleiðinni. Þau læra það af foreldrum sínum og tala það heima hjá sér að staðaldri. Þetta mál er oft kennt við móður þó það sé ekki nauðsynlega mál móðurinnar sem barnið tekur fyrst og ekki það mál sem barnið verður sterkast í á lífsleiðinni (Elín Þöll Þórðardóttir, 2007, bls. 103-104). Einnig segir Ingibjörg Hafstað að það mál, sem við lærum allra fyrst í frumbersku, verður móðurmál okkar. Annað mál er notað um þau tungumál sem við tileinkum okkur síðar á lífsleiðinni, í æsku eða á fullorðinsárum, óháð því hvort um er að ræða fyrsta, annað eða þriðja málið á eftir móðurmálinu. Gerður er greinamunur á öðru máli og erlendu máli. Erlent mál nemur fólk á skólabekk eða við óbeinar aðstæður fjarri vettvangi en annað mál lærist í viðkomandi málsamfélagi (Ingibjörg Hafstað, 1994, bls. 15-18).

Annað mál á sitthvað sameiginlegt með móðurmál og annað sameiginlegt með erlendu máli. Bæði móðurmál og annað mál lærir fólk í samskiptum við annað fólk. Móðurmál læra börn af foreldrum eða öðrum sem annast þau. Síðar heldur máltaka áfram með því að læra hvert af öðru um leið og þau halda áfram að læra af fullorðnum. Við ákveðnar aðstæður geta börn lært fleiri en eitt móðurmál, en ólíklega þó fleiri en tvö. Annað mál lærir einstaklingur yfirleitt utan heimilis og á eftir móðurmálinu. Þegar fólk lærir annað mál hefur það kunnáttu á öðru tungumáli. Þess vegna er mjög mikilvægt að búa yfir góðri hæfni á móðurmáli sínu (Elín Þöll Þórðardóttir, 2007).

Gay (2000) leggur áherslu á að byggja þurfi á þeim grunni sem hver nemandi kemur með í skólann og líta á reynslu og þekkingu hvers nemanda sem styrkleika. Cummins (2000) var á sama máli og Gay (2000) og hélt því fram að þekking og hæfileiki barnsins yfirfærast á annað tungumálið frá móðurmálinu. Í öðrum orðum að nemendur byggja þekkingu annars tungumáls sem þau tala í skólanum eða utan heimilis ofan á móðurmálið sem þau tala ýmist á heimilinu með fjölskyldu sinni. Cummins (2000) segir einni að þessi yfirfærsla tungumála getur farið fram á tvo vegu. Þegar markviss kennsla í móðurmáli nemanda á sér stað í skólanum, svokölluð móðurmálskennsla tvítyngdra nemenda og ef tungumálið, hugtakið og hæfni nemandans í læsi í öðru tungumálinu yfirfærast frá móðurmálinu. Í grófu máli segir

hann að bæði móðurmál og annað mál tvítyngdra nemenda næri hvort annað þegar skólinn leyfir börnunum að njóta góðs af báðum tungumálum (Cummins, 2000). Sigurður Konráðsson (2007) segir í grein sinni *Íslenska: Móðurmál og annað mál* líkt og Cummins að þegar fólk lærir annað mál hefur það þegar eitt tungumál á valdi sínu. Þess vegna sé afar mikilvægt að allir hafi gott tak á móðurmálinu.

Í greininni *Íslenskur orðaforði og lesskilningur nemenda með íslensku sem annað mál* með tengsl við móðurmálskennslu er fjallað um niðurstöður stærri rannsóknar Sigríðar Ólafsdóttur, Freyju Birgisdóttur, Hrafnhildar Ragnarsdóttur og Sigurgríms Skúlasonar (2016). Markmið rannsóknar þeirra var að kanna áhrif móðurmálskennslu á íslenskan orðaforða og lesskilning nemenda með annað móðurmál en íslensku í fjórða bekk og á hraða framfara þeirra upp í áttunda bekk. Þar kom meðal annars í ljós að því fleiri kennslustundir sem nemendur með annað móðurmál en íslensku hafði fengið í móðurmáli sínu þeim mun hraðari voru framfarir þeirra á orðaforða- og lesskilningsprófum sem ætluð eru yngri börnum (Sigríður Ólafsdóttir o.fl., 2016).

Í rannsókn Sigríðar o.fl. (2016) kom greinilega í ljós að því eldri sem börn með annað móðurmál en íslensku voru þegar þau fluttu til landsins þeim mun hraðari voru framfarir þeirra á öllum orðaforða- og lesskilningsprófum. Þessar niðurstöður sýna því jafnframt að því yngri sem börnin voru þegar þau hófu íslenskunámið þeim mun hægari var þróun íslensks orðaforða þeirra og lesskilnings. Til að fá enn nánari upplýsingar um tengsl móðurmálskennslu og íslenskuþróunar barna með íslensku sem annað mál voru þau sem höfðu lengstan dvalartíma á Íslandi (það er að segja þau sem höfðu dvalið hér á landi frá fimm ára aldri eða lengur) skoðuð sérstaklega. Hið sama kom í ljós, börnin sem höfðu fengið móðurmálskennslu sýndu ekki forskot á neinu prófi miðað við hin sem enga slíka kennslu höfðu fengið. Hins vegar sýndu niðurstöður þegar fjöldi kennslustunda var færður inn í þróunarlíkön ísl-PPVT orðaforðaprófsins og NARA-lesskilningsprófsins að því fleiri kennslustundir í móðurmáli þeim mun hraðari voru framfarirnar en þó aðeins á þessum tveimur prófum. Niðurstöðurnar benda til að hjá þessum hópi barna skipti fáar kennslustundir í móðurmáli litlu máli fyrir íslenskuþróun þeirra, en að séu þær nógu margar geti það haft jákvæð áhrif (Sigríður Ólafsdóttir o.fl., 2016).

Þegar kemur að íslensku sem öðru tungumáli í Aðalnámskrá grunnskóla (2013) segir að samkvæmt barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna eigi öll börn rétt á að viðhalda móðurmáli sínu þrátt fyrir flutning frá heimalandi. Íslenskir grunnskólar bjóða almennt ekki upp á kennslu í móðurmáli nemenda, með öðrum orðum tvítyngiskennslu. Segir að skólinn þurfi eftir megni að stuðla að því að móðurmál tvítyngda barnsins sé líftaug þess og að þurfi að efla bæði tungumálin annars getur orðaforðanum í öðru málinu orðið ábótavant. Bæta

Því þau síðan við að góður orðaforði er forsenda þess að nemendur nái fóttfestu í námi og um leið lykkillinn að velgengi í framhaldskóla (Aðalnámskrá grunnskóla, 2013, bls. 106-107).

Þann 1. janúar 2017 voru 35.997 innflytjendur á Íslandi sem gera 10,6% mannfjöldans. Nemendur sem skráðir voru með erlent tungumál að móðurmáli hefur fjölgað ár frá samkvæmt Hagstofu Íslands (2017). Haustið 2016 höfðu 4.148 grunnskólanemendur erlent tungumál að móðurmáli sem gerir 9,3% nemenda. Einhverjir þessara nemenda hafa einnig íslensku sem móðurmál. Nemendur í grunnskólum á Íslandi voru 44.527 haustið 2016. Nemendum fjölgaði um 767 (1,8%) frá fyrra ári og hafa ekki verið fleiri síðan haustið 2003 (Hagstofa Íslands, 2017). Fyrirkomulag móðurmálskennslunnar er því ekki bara mikilvægt fyrir þessa ákveðnu nemendur, sem nú stunda nám í íslenskum grunnskólum, heldur líka fyrir framtíðarnemendur með annað móðurmál en íslensku (Hagstofa Íslands, 2017).

## 2.2 Tvítýngi í skólastarfi

Hafdís Guðjónsdóttir og Jóhanna Karlsdóttir (2010) segja í grein sinni Kennsla í fjölbreyttum nemendahópi að þegar nemendur með annað móðurmál en íslensku hefja nám í íslenskum skóla þarfnast þeir stuðnings til að námið gangi upp í almennum bekk eða námshópi. Þeir þurfa aðstoð við að skilja um hvað verið er að læra svo að þeir geti unnið þau og sömuleiðis aukið orðaforða sinn. Hægt og rólega er svo hægt að minnka þann stuðning og sleppa honum alveg þegar kennarar meta það að nemendur eru tilbúnir að takast á við viðfangsefnið sjálfir (Hafdís Guðjónsdóttir og Jóhanna Karlsdóttir, 2010, bls. 187-205).

### 2.2.1 Tvítýngdir nemendur

Skóli sem skilgreinir nemendur og þarfir þeirra með hliðsjón af lögum og Aðalnámskrá grunnskóla (2013) hefur meiri möguleika á að skipuleggja nám og kennslu þar sem komið er til móts við nemendur og rétt þeirra. Hann aðlagar sig nemendum ekki síður en þeir aðlaga sig skólanum og býður upp á ýmsa möguleika fyrir þá til að ná markmiðum Aðalnámskrár grunnskóla (2013). Hann sinnir kennslu í móðurmáli nemenda, íslenskukennslu fyrir nemendur með íslensku sem annað tungumál og nám í móðurmáli er þar jafngilt erlendu tungumálanámi (Hafdís Guðjónsdóttir og Jóhanna Karlsdóttir, 2010, bls. 187-205).

Samkvæmt Loewen (2004) eiga nemendur af erlendum uppruna ýmislegt sameiginlegt sem þarf að hafa í huga þegar þeir hefja nám, en annað er ólíkt, segir hann, og því verður einnig að gefa gaum. Innflytjendur velja sér oftast land og hafa í sumum tilfellum haft tækifæri til að kynna sér eða jafnvel læra nýja tungumálið áður en þeir koma til landsins. Hið sama gildir ekki um flóttamenn, þeir koma oft með stuttum fyrirvara og hafa lítið val um hvert þeir fara. Hann bendir á að flestir nemendur úr hópi innflytjenda eigi að baki mislanga skólagöngu og geti byggt á henni. Flóttamenn hafa hins vegar oft búið við

mikið óöryggi vegna stríðs eða fátæktar og hafa mismikla skólagöngu að baki. Þessir tveir hópar eru þar af leiðandi að mörgu leyti ólíkir (Loewen, 2004, bls. 35-52).

Jóhanna Einarsdóttir (2010) segir að nám og þekking nemenda sé misjöfn og tók hún einnig fram að nemendur þurfa að tengja nám sitt fyrri reynslu, líkt og fjallað er um hér að ofan í kaflanum um mikilvægi móðurmálsins. Jóhanna styður áherslu sína við John Dewey sem lagði áherslu á að nám ætti sér stað þegar byggt er ofan á fyrri reynslu og til þess að það gerist er nauðsynlegt að gott jafnvægi sé á milli þess beggja tungumálanna (Jóhanna Einarsdóttir, 2010, bls. 61). Þetta má tengja við tvítyngda nemendur og hvernig þeir geta jafnframt tengt móðurmál sitt við nám sitt á öðru tungumáli og mun verða fjallað vel um það hér á eftir. Námsgengi tvítyngdra barna fer ekki eingöngu eftir málfærni í nýja málinu eins og geta margir látið það plata sig, heldur einnig eftir lesfærni í móðurmálinu, en það fer auðvitað eftir aldri barnanna þegar þau hefja máltöku annars máls. Ef nemandi hefur náð góðri færni á lestri á móðurmáli sínu yfirfærir sú hæfni milli tungumála svo lengi sem þau eru með sama ritkerfi (Birna Arnbjörnsdóttir, 2007, bls. 65). Börn sem eru dugleg að lesa og foreldrar sem lesa reglulega fyrir börnin sín eiga meiri líkur á að byggja upp orðaforða fljótar en þau börn sem lesa lítið. Mikilvægt lesturs er því að viðhalda lestri hjá nemendum af erlendum uppruna.

### **2.2.2 Kennsla tvítyngdra nemenda**

Kennsla í íslensku sem öðru máli er ekki einungis tungumálakennsla heldur samræmd markmið þar sem leitast er eftir að þjálfar nemendur í íslensku máli og menningarfærni samhliða því að stuðla með því félagslegri vellíðan þeirra einstaklinga (Samúel Lefever og Inga Karlsdóttir, 2010, bls. 110). Tungumálanám snýst um að skilja orð og geta notað þau til að gera sig skiljanlegan. Tungumálið lærist í samskiptum og í samhengi þar sem hlustun, tal og ritun fléttast saman.

Kennari sem gerir ráð fyrir að nemendur séu ólíkir hefur það í huga þegar hann skipuleggur kennslu sína. Hlutverk hans er að velja námsefni og viðfangsefni sem hæfa getu og námsstig allra nemenda (Samúel Lefever og Inga Karlsdóttir, 2010, bls. 120). Kennarinn gegnir einnig því mikilvæga hlutverki að hvetja og styðja nemendur sína við málþróun og nám þeirra. Hann þarf að þekkja námsefni, verkefni og kennsluaðferðir sem sjá til þess að nemendur fái það tækifæri að nota markmálið í samskiptum og námi.

Námsumhverfið endurspeglar oftast kennsluhætti kennarans og nemendahóp hans. Þar sem námsumhverfi tekur mið af fjölmenningu má til dæmis sjá myndir á veggjum og í námsumhverfinu sem sýna ólíka nemendur við mismunandi aðstæður. Viðfangsefni sem nemendur fást við bera vitni um ólíkan bakgrunn og áhugasvið þeirra og í námsferlinu kynnast þeir nýrri menningu og menningararfi (Hafdís Guðjónsdóttir og Jóhanna Karlsdóttir,



2010, bls. 187-205). Mikilvægt er fyrir kennara að vita hvernig máltaka nemenda fer fram. Það auðveldar þeim það í því hlutverk að takast á við málaðlöggun tvítyngda nemandans ásamt því að styðja hann í sínu máltökufæri. Það gerir kennurum einnig kleift að setja sig í spor nemendans og eykur líkurnar á að starf þeirra einkennist af fagmennsku þar sem velferð og hagur hins tvítyngda nemanda er hafður í huga.

Haldið hefur verið fram að ekki beri að leggja sérstaka áherslu á kennslu í íslensku sem öðru tungumáli heldur sé þess gætt að nemendur með annað móðurmál en íslensku tileinki sér hana óbeint með virkri þátttöku í almennu skólastarfi (Elín Þöll Þórðardóttir, 2007, bls. 124-125). Samt sem áður hafa að jafnaði tveir af hverjum þremur grunnskólanemendum með íslensku sem annað mál fengið sérstakar kennslustundir í íslensku síðustu ár (Hagstofa Íslands, 2017). Þess ber að geta að börn með annað móðurmál en íslensku koma hingað á misjöfnum aldri.

Áhrif aldurs á þróun orðaforða og lesskilnings tvítyngdra barna má útskýra á þann hátt að ung börn læri fyrst algengustu orð tungumálsins, orð sem tengjast daglegu lífi þeirra. Ung tvítyngd börn læra þessi orð í hvoru tungumáli fyrir sig í samskiptum við sína nánustu, við ýmis konar afþreyingu og í skólastarfi. Slík orð hafa ekki djúpa merkingu sem krefst mikillar þekkingar. Ef börnin fá gæðastundir við lestur á öðru málinu eða báðum bæta þau við samheitum þessara orða, sem falla í fyrsta flokk akademískra orða, þeim orðum sem þau heyra og lesa í hvoru máli fyrir sig. Vegna þess hve einfalda merkingu orðin hafa verða ekki skýr tengsl á milli orðaforða ungra tvítyngdra barna í móðurmáli og í hinu málinu (Hoff, Quinn og Giguere, 2017).

Rósa Guðbjartsdóttir og Hanna Ragnarsdóttir (2010) segja í grein sinni Kennarar og kennarastarf í fjölmenningslegu samfélagi: Raddir kennara innflytjendabarna frá rannsókn þar sem könnuð voru viðhorf grunnskólakennara til kennslu innflytjendabarna. Markmiðið með rannsókninni var meðal annars að varpa ljósi á sjónarhorn viðmælenda, upplifun þeirra og reynslu af kennslu í fjölbreyttum nemendahópi, með sérstöku tilliti til innflytjendabarna. Niðurstöður rannsóknarinnar gáfu meðal annars til kynna að þátttakendur álíta að faglegur undirbúningur sé mikilvægur fyrir kennslu innflytjendabarna því að sú kennsla sé ólík annarri kennslu, stuðningur við erlenda nemendur meðan þeir aðlagast nýju skólaumhverfi. Auk þess sýndu niðurstöður að fela þyrfti foreldrum barna af erlendum uppruna meiri ábyrgð og veita þeim það tækifæri að kynnast menningu skólafélagsins á Íslandi. Í rannsókninni kom í ljós að hluti kennaranna sem tóku þátt hafði kynnt sér fjölmenningu með því að fara á námskeið, lesa sér til eða læra af samstarfsfólki (Rósa Guðbjartsdóttir og Hanna Ragnarsdóttir, 2010).

Þau Kristín Aðalsteinsdóttir, Guðmundur Engilbertsson og Ragnheiður Gunnbjörnsdóttir (2007) gerðu rannsókn á fjölmennningarlegri kennslu í Noregi, Kanada og á Íslandi fyrir nokkrum árum. Markmið með rannsókninni var að afla upplýsinga um hvernig kennarar teldu sig búna undir það að kenna erlendum nemendum, hvernig komið væri til mótis við einstaklingsþarfir og hvernig þeir teldu að nemendur gengu að aðlagast nýju menningarsamfélagi.

Niðurstöður þessarar rannsóknar sýndu að engin þátttakenda hafði fjölmennningarlega menntun. Sumir þeirra töldu sig hafa þekkingu vegna fyrri reynslu eða uppruna. Á Íslandi og í Noregi lögðu kennarar ýmist áherslu á að laga börnin að nýju skólaumhverfi eða þeir brugðust ekki við vandamálum þeirra. Í Kanada var lögð áhersla á að kennararnir kynntu sér mismunandi menningu. Einnig kom fram að á Íslandi töldu kennararnir að erlendu nemendurnir hefðu aðlagast íslenskri menningu vel. Norsku kennararnir lögðu áherslu á að styrkja félagslega þætti og samvinnu nemenda. Í ljós kom að þeir álitu að flestir erlendu nemendurnir hegðu aðlagast vel norskri menningu, en þeir töldu samt að skólakerfið mætti standa sig betur gagnvart þeim (Kristín Aðalsteinsdóttir, Guðmundur Engilbertsson og Ragnheiður Gunnbjörnsdóttir, 2007).

## 2.3 Tvítyngi í grunnskólum

Íslenskt skólakerfi getur reynst börnum af erlendum upprun frekar flókið og eiga börn af erlendum uppruna oft erfitt með að finna fótfestu í íslenska skólakerfinu. Ein ástæðan er sú að tvítyngd börn eru mörg hver afar fljót að ná tökum á framburði og daglegu tali. Því láta kennarar og aðrir sem koma að uppeldi og menntun barnanna blekkjast svo börnin fá ekki þann stuðning sem þau þurfa að á að halda (Sigríður Ólafsdóttir og Freyja Birgisdóttir, e.d.). Í rannsókn Hönnu Ragnarsdóttur sýnir að sumir skólar styðja ekki nægilega vel við bak tvítyngdra nemenda sinna og fjölskyldna þeirra. Þá er einnig misjafnt hvernig komið er til móts við þarfir tvítyngdra barna og skiptir þar oft máli hvernig aðstæður barnið lifir við. Sem dæmi má nefna fá börn sem eiga eitt foreldri af erlendum uppruna síður sérstaka málörvun eða stuðning við erlenda móðurmálið. Leikskólastjórar telja samt sem áður að móðurmálskennsla tvítyngdra barna sé mjög mikilvæg þó það virðist ekki vera að skila sér í starfið (Ragna Lára Jakobsdóttir, 2007, bls. 202).

### 2.3.1 Foreldrasamstarf

Á Íslandi hefur samstarf kennara og erlendra foreldra lítið verið rannsakað en í þeim rannsóknum sem gerðar hafa verið hefur komið fram að mikilvægt er að starfsfólk skólanna sýni frumkvæði í samskiptum við erlenda foreldra. Oft eru foreldrarnir óöryggir og það geta verið margar ástæður fyrir óöryggi þeirra. Tungumálaörðugleikar eru oftast talin vera

ástæða fyrir erfiðleikum í samskiptum en það er hægt að koma í veg fyrir þá með því að fá túlk með á foreldrafundi. Menningarmunur getur leitt af sér ólíkar skoðanir á starfi innan leikskólanna og telja sumir foreldrar starfið sem þar fer fram vera tilgangslaust nema til þess að börnin læri tungumál landsins (Anna Lilja Sævarsdóttir, Anna Elísa Hreiðarsdóttir og Hermína Gunnþórsdóttir, 2013, bls. 4-5).

Þegar fólk flytur til landa þar sem talað er annað tungumál en þeirra eigið þarf það að takast á við það verkefni að læra nýtt tungumál. En að læra nýtt tungumál krefst áhuga, tíma og vinnu. Ýmislegt hefur áhrif á hvernig það tekst til, til dæmis aldur einstaklings, forsendur til náms, þekking á öðrum tungumálum og persónulegir þættir eins og viðhorf og þarfir (Samúel Lefever og Inga Karlsdóttir, 2010, bls. 190-128). Allir þessir þættir geta haft áhrif á það hvernig foreldrar varpa ljósi á nám barna sinna samhliða námi sínu á nýju tungumáli.

Hanna Ragnarsdóttir (2007) gerði rannsókn á árunum 2002-2005 þar sem 16 erlend börn tóku þátt í, ásamt foreldrum þeirra og kennurum. Rannsóknin fjallar um stöðu og reynslu tíu innflytjendafjölskyldna á Íslandi og barna þeirra fyrstu þrjú árin í skólum. Meginmarkmið rannsóknar Hönnu voru meðal annars að rannsaka ferli aðlögunar að samfélaginu og skólasamfélaginu og að kanna hvernig áhrif samskipti heimila og skóla, svo og almennar félagslegar aðstæður, hafa áhrif á velgengi barna fyrstu árin í skóla sem og tækifæri þeirra til félagslegra og vitsmunalegra framfara.

Í niðurstöðum rannsóknarinnar kom meðal annars fram að nokkurt rof hafði myndast milli sumra heimilanna og skólanna, þar sem samskipti og gagnkvæmur skilningur var takmarkaður. Kom fram að ástæður þess voru að ólíkar hugmyndir ríktu eða voru viðteknar annars vegar í skólanum og hins vegar á heimilum, til dæmis um ábyrgð, hlutverk og reglur ásamt skorti á upplýsingaflæðis milli heimila og skóla. Kom í ljós að skólarnir ætluðust til þess að fjölskyldurnar aðlagi sig sem fyrst að nýju samfélagi og skólanum. Foreldrarnir í rannsókninni lögðu sig fram við þetta, en höfðu í rauninni lítið um málið að segja þar sem þeir vilja börnunum sínum fyrir bestu og treystu því að þeir hafi gert rétt. Í Niðurstöðum kom einnig fram að voru m.a. þær að þekking og aðstæður til að mæta þörfum barnanna mætti töluvert bæta. Enn fremur sýndi rannsóknin fram á að nemendur með annað móðurmál en íslensku þurfa á samskiptum að halda við jafnaldra sína og jafnframt stuðning við íslenskuna. Almennt var ekki fyrir hendi þekking á fjölmenningslegri kennslu. Kennslufni vantaði sem hentaði hinum fjölmenningslega veruleika og til að kenna íslensku sem annað tungumál. (Hanna Ragnarsdóttir, 2007).

Í Aðalnámskrá grunnskóla (2013) segir að velferð barna og námsframvinda byggist ekki síst á því að foreldrar styðji við skólagöngu barna sinna og gæti hagsmuna þeirra í

hvítvetna, eigi gott samstarf við skóla og taki þátt í námi barna sinna og foreldrastarfi frá upphafi til loka grunnskóla. Virk hlutdeild og þátttaka foreldra í námi og starfi barna sinna er forsenda þess að foreldrar geti axlað þá ábyrgð sem þeir bera á farsælu uppeldi og menntun barna sinna (Aðalnámskrá grunnskóla, 2013, bls. 45). Mörg börn eiga foreldra sem hafa sama móðurmál og barnið en einnig er um það að ræða að ekki hafi báðir foreldra sem hafa sama móðurmál og barnið og í sumum tilvikum er annað foreldri með íslensku að móðurmáli. Það getur haft áhrif á máluppeldi barnsins og samband heimilis og skóla. Þetta skiptir máli við máltöku nýs máls ásamt stöðu þessara barna í námi, menningarlegum mismuni og menntun foreldra. Mikilvægt er í öllum tilvikum að hvetja foreldra til að styðja við íslenskunám barna sinna og jafnframt rækta og þróa eigið móðurmál til að stuðla að virku tvítyngi allra nemenda með annað móðurmál en íslensku (Aðalnámskrá grunnskóla, 2013).

Kennarinn þarf að aðlaga sig nemandanum sínum, þörfum hans og menningu alveg eins og nemandinn og fjölskyldulíf hans þarf að laga sig að skólanum og nýrri menningu (Hanna Ragnarsdóttir, 2004, bls. 148). Elsa Sigríður Jónsdóttir (2010, bls. 278) segir að virkja þurfi fjölskyldur af erlendum uppruna til samstarfs og tekur það fram að viðhorf og afstaða fjölskyldna til menntunar hefur mikil áhrif á námsgengni nemenda. Mikilvægt er að skólinn komist til móts við foreldra með því að aðstoða þá við nám barnsins og veita þeim upplýsingar frá skólanum til þess að gera þeim grein fyrir skólalífinu í nýjum menningarheimi. Ásamt því að gefa þeim ráð um það hvernig nám heima getur átt sér stað. Það getur komið fyrir að foreldrar séu ekki tilbúnir til þess að aðstoða barn sitt við nám þess og getur það valdið vegna tungumálaerfiðleika. Þetta er því mikilvægt starf sem skólinn gegnir (Björk Helle Lassen, Fríða B. Jónsdóttir og Hildur Blöndal, 2007, bls. 165).

### **2.3.2 Lög og reglugerð**

Í 16. grein íslenskra grunnskólalaga (2008) er fjallað um að grunnskólar eigi að taka á móti nemendum sem eru að hefja skólagöngu, eru að skipta um skóla eða hefja nám sitt hér á landi samkvæmt móttökuáætlun skóla eða sveitarfélags. Einnig kemur fram að foreldrar skuli á þeim tímamótum veittar upplýsingar um skólagöngu barnsins og skólastarfið almennt og foreldrum með annað móðurmál en íslensku greint frá rétti þeirra til túlkunarþjónustu. Talað er um móttökuáætlun vegna nemenda með annað móðurmál en íslensku og að taka skuli taka mið af bakgrunni þeirra, tungumálafærni og færni á öðrum námssviðum. Tryggja skal að þessir nemendur og foreldrar þeirra fái ráðgjöf og aðgang að upplýsingum um grunnskólastarf. Þar kemur einnig fram að nemendur með annað móðurmál en íslensku eiga rétt á kennslu í íslensku sem öðru tungumáli og að með kennslunni er stefnt að virku tvítyngi þessara nemenda og að þeir geti stundað nám í grunnskólum og með því tekið virkan þátt í

íslensku samfélagi. Auk þess heimila lögin að kunnátta í móðurmáli nemenda með annað móðurmál en íslensku sé metin sem hluta af skyldunámi er komi í stað skyldunáms í erlendu tungumáli (Lög um grunnskóla nr. 91/2008).

Í 18. grein kemur fram að foreldrar skuli hafa samráð við skólann um skólagöngu barna sinna, fylgjast með og styðja skólagöngu þeirra og námsframvindu og sömuleiðis fá tækifæri til, þess að taka þátt í námi barnsins, og í skólakerfinu almennt. Þar kemur einnig fram að eigi í hlut foreldrar sem ekki tala íslensku skuli skóli leitast við að tryggja túlkun á upplýsingum sem nauðsynlegar eru vegna samskipta foreldra og skóla samkvæmt þessari grein (Lög um grunnskóla nr. 91/2008).

Í Aðalnámskrá grunnskóla (2013) kemur fram að mikilvægt sé að nemendur með annað mál en íslensku þrói með sér læsi, lestur og ritun, líkt og lagt er til um með aðra nemendur. Það er einnig brýnt að þeir fylgi skólafélögum í námi í öðrum greinum skólans og fái til þess nauðsynlegan stuðning. Sagt er að íslenskunámið, þar með talið læsi, á að vera samtvinnað námi á öllum námssviðum skólans. Sem og að leggja áherslu á öflugt samstarf við heimilin um þjálfun í íslensku sem öðru tungumáli á öllum stigum grunnskóla. Í námskránni kemur skýrt fram að þetta sé mikilvægt samstarfsverkefni heimila og skóla og að fjölskyldan gegni veigamiklu hlutverki í að skapa virðingu fyrir báðum málum, styrkja þau og rækta og viðhalda áhuga nemenda á virku tvítyngi (Aðalnámskrá grunnskóla, 2013, bls. 106 og 107).

Í Aðalnámskrá grunnskóla (2013) undir kafla um tengsl heimila og skóla kemur fram að foreldrar skuli eiga kost á að taka þátt í námi barnsins, svo og í skólasterfinu almennt. Að það sé skylda foreldra að veita grunnskóla upplýsinga um barnið sem kunna að skipta máli fyrir skólasterfið og velferð þess. Meðal annars kemur fram að aukinn hlutdeild foreldra stuðla að bættum árangri barna og bættri líðan þeirra. Brýnt er að skólar gefi reglulega skýrar upplýsingar um skólasterfið og áætlanir sem liggja fyrir um starfsemi skólans (Aðalnámskrá grunnskóla, 2013, bls. 71 og 72).

## 3 Rannsókn

Í þessum kafla verður sagt frá skipulagi og framkvæmd rannsóknarinnar. Fjallað verður stutt um markmið rannsóknarinnar og aðferðafræði hennar ásamt einkennum eigindlegra rannsókna líkt og þessi byggist á. Því næst verður farið yfir val á viðmælendum ásamt stuttri lýsingu og bakgrunni þeirra viðmælenda sem tóku þátt í rannsókninni. Í lok kaflans verður svo farið yfir siðferðislega þætti eigindlegrar rannsóknar og er nauðsynlegt að hafa í huga við gerð rannsókna.

### 3.1 Markmið rannsóknar

Markmið rannsóknarinnar var að svara eftirfarandi spurningum: Hvernig er íslenskunám tvítyngdra nemenda á unglingastigi í grunnskóla háttað? Og Hvaða hlutverki gegna foreldrar í námi barna sinna? Eigindleg aðferð var notuð til að afla gagna í rannsókninni. Sex nemendur í tveimur grunnskólum í sveitarfélagi á Vesturlandi ásamt foreldrum þeirra og umsjónarkennurum tóku þátt í rannsókninni. Nemendur eru allir á unglingastigi í grunnskóla.

Tekin voru hálfopin einstaklingsviðtöl við alla þátttakendur. Í slíkum viðtölum er stuðst við sama eða áþekkan viðtalsramma í öllum viðtölunum en á sama tíma ríkir frjálsræði til útvíkkunar og breytinga eftir því sem aðstæður leyfa hverju sinni. Í hálfopnum viðtölum spyr rannsakandi viðmælandur sína spurninga með það í huga að kafa skyldi dýpra í það sem hann hefur að segja. Mikilvægt er að rannsakandi gefi viðmælenda frjálst val um að koma skoðunum sínum á framfæri (Lichtman, 2013).

Viðtalsrammanum var skipt niður í þrjá hluta. Ólíkir viðtalsrammar voru hannaðir fyrir nemendur, kennara og foreldra en allir átti þeir sitthvað sameiginlegt. Í hverju viðtali var spurt sex til níu spurningar og auk þess ræddu rannsakandi og viðmælandur saman í upphafi og í lok hvers viðtals.

### 3.2 Eigindleg aðferðafræði

Lichtman skilgreinir hugtakið eigindleg rannsókn sem almennt hugtak. Samkvæmt Lichtman er rannsókn af þessu tagi leið til að afla þekkingar þar sem rannsakandinn skipuleggur, safnar og túlkar upplýsingar sem hann fær um viðmælenda og umhverfi hans með því að nota sín eigin augu og eyru sem nokkurskonar síu. Eigindleg rannsókn samanstendur oft af djúpum viðtölum og/eða rannsóknum á vettvangi þar sem fylgst er með einstaklingum í sínu eðlilega félagslega umhverfi (Lichtman, 2013).

Denzin og Lincoln (2003) benda á að erfitt sé að gefa eina skilgreiningu á eiginlegum rannsóknum, til þess séu þær allt of fjölbreytilegar. Flestar eiga sér það þó sammerkt að leitast er við að skilja og lýsa tilteknum mannlegum fyrirbærum, hvers eðlis sem þau svo eru. Janesick (1994) bendir m.a. á að eiginlegar rannsóknir séu heilðrænar og að áherslan sé á að ná heildarmynd af tilteknu fyrirbæri og á tengsl innan ákveðins kerfis eða menningar. Jafnframt sé lögð áhersla á hið persónulega og það sem er hér og nú; að skilja eitthvað, ekki endilega að spá fyrir um eitthvað. Hugmynd aðferðafræðinnar er sú að rannsakandinn setur sig í spor viðmælenda sinna, ræði við þá í eigin persónu og fylgist með þeim í þeirra náttúrulega umhverfi og aðstæðum. Eiginleg aðferðafræði byggist á túlkunarfræði þar sem hlutverk rannsakanda er að túlka þann veruleika sem skoðaður er. Þegar horft er til túlkunar á gögnum er rannsakandinn í lykilhlutverki. Rannsakandinn ákveður hvaða gögnum á að safna og stýrir ferðinni. Allar upplýsingar fara í gegnum augu og eyru rannsakandans og verða fyrir áhrifum af hans reynslu og skoðunum (Lichtman, 2013).

### **3.3 Einstaklingsviðtöl**

Í rannsókninni var stuðst við hálfopin einstaklingsviðtöl. Í einstaklingsviðtölum er rannsakandi búinn að útbúa spurningar fyrir viðtal en á sama tíma opin fyrir því að umræða utan þann ramma geti skapast. Rannsakandi hefur einnig leyfi til þess að spyrja nýrra spurninga út frá svörum viðmælendans. Ákvörðun um að nota viðtöl sem aðferð í gagnasöfnun byggist á því að viðtöl eru öflugasta aðferðin til þess að svara rannsóknarspurningu rannsóknarinnar (Helga Jónsdóttir, 2003). Til þess að viðtal gangi að óskum þarf rannsakandi að huga að því að það ríki traust milli hans og viðmælenda. Einnig þurfa ákveðin tengsl að skapast og einlægni að vera til staðar (Helga Jónsdóttir og Sigríður Halldórsdóttir, 2013, bls. 144-146). Viðtölin í rannsókninni voru samræður þar sem umræðuefnið var ákveðið af rannsakanda en efnið rætt með jafnrétti viðmælenda á grundvelli við. Umræðuefni er fyrirfram ákveðið en ekki samræðurnar að sögn Helgu Jónsdóttur (2003). Tilgangur viðtala sem gagnasöfnunaraðferðar er alltaf sá sami, að safna gögnum um það sem verið er að rannsaka (Lichtman, 2013). Leitast var við að hafa viðtöl eins opin og kostur var en stuðst við fyrirfram ákveðnar viðtalsspurningar.

### **3.4 Undirbúningur og val á viðmælendum**

Markmið rannsóknarinnar var að kanna tilhöggun íslenskunáms tvítýngdra unglunga í tveimur grunnskólum á landsbyggð og hvaða hlutverki foreldra þeirra gegna í íslenskunámi. Ásamt því var kannað hvað kennurunum þykja skila mestum árangri á námi. Einnig er farið yfir hvernig skipulag kennslu tvítýngdra nemenda fer fram. Fengin voru tvítýngir nemendur, umsjónarkennarar þeirra og foreldra þeirra til að taka þátt í rannsókninni. Gerð var krafa um

að annað hvort foreldrið hefði annað móðurmál en íslensku og að nemendur hefðu haft búsetu á Íslandi í lengur en fimm ár. Ekki var gerð krafa um aldur eða starfsreynslu kennaranna.

Í upphafi rannsóknarinnar var ákveðið að viðmælendurnir yrðu að minnsta kosti sex nemendur og jafnmargir foreldrar og kennarar. Viðmælendur yrðu því 18 talsins. Það var ákveðið að viðmælendur rannsóknarinnar gengu í tvo grunnskóla í sveitarfélagi á Vesturlandi og að nemendur væru á unglingastigi í grunnskóla. Ástæðan fyrir því síðastnefnda er að þá væri líklegra að nemendur hafi haft búsetu á Íslandi í lengri tíma og hefðu reynslu af því að læra tungumálið og búa í íslensku umhverfi. Einnig til þess að fá mynd yfir sex mismunandi kennurum í tveimur mismunandi skólum.

Sendur var tölvupóstur til skólastjórnenda, umsjónarkennara og foreldra þeirra nemenda. Kennarar sendu ýmist tölvupóst saminn af rannsakanda til foreldra (sjá fylgiskjal) og þegar svör bárust var sendur póstur beint á rannsakanda og þaðan ákveðin tímasetning viðtala. Upplýsingar um netföng skólastjórnenda og kennara var aflað á heimasíðu grunnskólanna. Netföng foreldra fékk rannsakandi frá kennurum. Tölvupóstur var sendur á sex foreldra og sex umsjónarkennara og af þeim viðmælendum samþykktu allir með jákvæðu viðmóti að undanskildu einu foreldri, sem svaraði ekki tölvupósti. Var því fundið annað foreldri og þá einnig annar nemandi í staðinn. Annars voru allir ánægðir að taka þátt í rannsókninni. Í tölvupóstinum var greint frá tilgangi rannsóknarinnar og óskað eftir þátttöku þeirra. Skólastjórnendur og kennarar höfðu samband við foreldra og kennara og beindu rannsakanda til þeirra ef jákvæð svör bárust. Í sumum tilfellum fóru samskiptin fram beint milli rannsakanda og viðmælenda en ekki með millilið.

### **3.5 Viðmælendur**

Viðmælendur rannsóknarinnar eru 18 talsins. Sex nemendur á unglingastigi grunnskóla í tveimur grunnskólum í sveitarfélagi á Vesturlandi ásamt foreldrum þeirra og umsjónarkennurum. Viðmælendur fengu dulnefni til þess að ekki væri hægt að rekja svör þeirra. Undirkaflar eru merktir nemendum en innihald kaflanna fjallar um bakgrunn þeirra, ásamt bakgrunni foreldranna og umsjónarkennara.

#### **3.5.1 Sara**

Sara er nemandi í 10. bekk í einum af tveimur grunnskólum í sveitarfélagi á Vesturlandi. Sara hefur búið á Íslandi í um 10 ár en hún fæddist og bjó sín fyrstu ár með fjölskyldu sinni í Póllandi. Hún flutti því til Íslands fimm ára gömul og hefur búið á Íslandi alla sína skólagöngu. Sara er góður námsmaður og dugleg í öllu því sem hún tekur sér fyrir hendur að sögn foreldrum hennar og umsjónarkennara.



Foreldrar Söru hafa sömuleiðis búið á Íslandi í um 10 ár. Móðir hennar byrjaði strax og hún flutti til Íslands frá Póllandi að starfa í eldhúsi á leikskóla og síðar sem leikskólakennari. Hún þurfti því að byrja strax að tala íslensku og gera sitt besta til að skilja hana. Eftir að hún hætti starfi sínu á leikskóla tók við hjá henni stuðningsfulltrúastarf í grunnskóla í bæjarfélaginu þar sem hún starfar enn í dag og heldur áfram að tala, lesa og skilja íslensku. Hún telur það að vinna í skólastarfi hafi hjálpað henni mikið að læra íslenskt mál. Það kom ekki fram í viðtali við móður Söru við hvað faðir hennar starfar en hann talar eingöngu pólsku og ensku. Faðir hennar þarf íslenskan túlk við ákveðnar aðstæður.

Heiðrún er umsjónarkennari Söru en hún tók við henni í 8. bekk. Hún hefur verið starfandi kennari í 18 ár. Heiðrún útskrifaðist sem kennari árið 2003. Hún hefur kennt tvítyngdum nemendum alveg frá upphafi. Þegar hún byrjaði að kenna var hún búsett í öðru bæjarfélagi og þar kenndi hún mikið af nemendum með annað móðurmál en íslensku og hefur því starfað við kennslu tvítyngdra í 18 ár. Þegar hún hóf starf sitt sem kennari fékk hún leiðbeinanda sem hjálpaði henni við kennslu tvítyngdra nemenda ásamt sérkennara og þroskaþjálfra. Hún fékk hún mörg góð ráð frá þeim sem hún hefur nýtt sér í starfinu ásamt því að byggja ofan á þá reynslu sem hún fær með hverjum nemanda sem hún hefur kennt.

### **3.5.2 Daníel**

Líkt og Sara er Daníel nemandi í 10. bekk í grunnskóla á Vesturlandi. Daníel hefur átt heima bæði á Íslandi og í Þýskalandi. Hann er fæddur í Þýskalandi en flutti aftur til Íslands á þriðja árinu sínu. Þegar hann varð átta ára flutti hann svo aftur til Þýskaland og var búsettur þar ásamt fjölskyldu sinni í átta ár. Þegar hann var 14 ára flutti hann aftur til Íslands og byrjaði 8. bekk hér á landi og tók Arna umsjónarkennari við honum og hefur kennt honum síðan. Að sögn móður hans og kennara er Daníel góður námsmaður, metnaðarfullur og mjög duglegur.

Móðir Daníels er fædd og uppalin á Íslandi en faðir hans í Þýskalandi. Móðir hans hefur búið í 14 ár í Þýskalandi ásamt manni sínum og börnum. Börn þeirra eiga því tvö móðurmál, íslensku og þýsku. Foreldrar Daníels hafa ræktað bæði tungumálin og þá sérstaklega móðir hans íslenska tungumálið þegar þau áttu búsetu í Þýskalandi og þýska tungumálið á Íslandi, með því að horfa á sjónvarpið, lesa bækur og tala saman. Fjölskyldan talar þó nær eingöngu þýsku á heimilinu þar sem faðir Daníels talar litla íslensku. Að sögn móðir Daníels og honum sjálfum er Daníel duglegur að lesa í frístundum og þá eingöngu á þýsku en honum finnst þýskar bækur höfða betur til sín en þær íslensku, hingað til.

Arna er umsjónarkennari Daníels. Hún hefur starfað sem kennari í sex vetra og kennt tvítyngdum nemendum síðustu fimm ár. Hún hefur þó alltaf kennt nýbúum, en Arna skilgreinir tvítyngda nemendur sem börn sem eiga foreldra með tvö móðurmál, þar sem faðirinn er með eitt en móðirin annað og elst upp með tvö móðurmál eins og í Daníels

tilfelli. Hún hefur starfað í þessum tiltekna grunnskóla frá því að hún hóf starfsferil sinn sem grunnskólakennari. Arna hefur sjálf sótt eitt námskeið til þess að fræðast meira um kennslu tvítyngdra nemenda en nefndir einnig að sem kennari þurfi hún að sækjast sjálf eftir því. Hún trúir því ekki að tvítyngdir nemendur þurfi sérútbúið efni heldur fylgi bara hinum nemendum í bekknum í því námsefni sem þeim er sett fyrir.

### 3.5.3 Klara

Klara er nemandi í 9. bekk í grunnskóla á Vesturlandi. Klara fæddist í Póllandi og bjó þar fyrstu árin sín. Hún flutti svo með fjölskyldu sinni til Íslands og var í leikskóla hér á landi áður en þau fluttu aftur til Póllands. Klara bjó þá í Póllandi þar til hún varð sex ára en fór þá í fyrsta bekk í grunnskóla á höfuðborgarsvæðinu áður en hún flutti svo aftur til Póllands. Þegar hún varð átta ára flutti hún að lokum aftur til Íslands og byrjaði hér í þriðja bekk og hefur stundað nám í þessum tiltekna grunnskóla síðan þá.

Faðir Klöru hefur búið á Íslandi í um 17 ár en flutti til Íslands árið 2000 frá Póllandi. Hann hefur aðallega lært íslenska tungumálið í starfi sínu þar sem hann byrjaði að vinna í kjötiðnaði þegar hann flutti til Íslands. Seinna byrjaði hann svo að vinna í Norðurál og hefur unnið þar í 10 ár. Þar segist hann hafa lært talað mál með því að hlusta og tala við samstarfsfólk sitt. Faðir Klöru talar enn mjög bjargaða íslensku og þarf túlk við vissar aðstæður og þar á meðal í foreldraviðtölum. Hann nefndi þó í viðtölum við rannsakanda að hann vill læra að lesa og skrifa ásamt því að tala betur íslensku til þess að geta bjargað sér betur við þessar aðstæður en hefur ekki tekist á við það ennþá.

Iðunn er umsjónarkennari Klöru. Hún hefur starfað sem kennari í tólf ár og hefur allann þann tíma starfað við kennslu tvítyngdra barna. Áður en hún hóf störf í þeim grunnskóla sem hún starfar við núna kenndi Iðunn í grunnskóla á Vesturlandi sem tók á móti hópi af nemendum sem komu til Íslands í flóttu ásamt fjölskyldum sínum frá Palestínu. Með Klöru eru tveir nemendur frá Póllandi í bekknum hennar. Iðunn segir að Klara sé duglegur námsmaður, metnaðarfull en þarf góðann stuðning bæði frá foreldrum sínum og kennara. Iðunn hvetur foreldra nemenda sinna eindregið að rækta móðurmálið sitt ásamt íslenskunni.

### 3.5.4 Anna

Anna er nemandi í 8. bekk í grunnskóla á Vesturlandi. Hún hefur búið á Íslandi síðan hún var kornabarn og er fædd og uppalin á Íslandi. Anna býr hér á landi ásamt fjölskyldu sinni og er alin upp við tvö tungumál þar sem móðir hennar talar við hana pólsku en það er töluð aðallega íslenska á heimili fjölskyldunnar.

Móðir Önnu hefur búið á Íslandi síðan árið 1995 eða í um 23 ár. Hún er fædd og uppalin í Póllandi. Þegar hún flutti hingað sótti hún námskeið til að læra íslensku en lærði

helst að tala íslensku sjálf með því að hlusta á tungumálið og tala það. Hún starfar sem stuðningsfulltrúi í grunnskóla og segir í viðtali við rannsakanda að hún hafi lært mikið af því að vera í kringum nemendur og kennara og er enn að læra eitthvað nýtt á hverjum degi. Henni þykir einnig hjálpa mikið að hjálpa börnum í daglegri kennslu því á þann hátt lærir hún sjálf að lesa og skrifa á íslensku. Henni þótti einstaklega erfitt að skilja og tala íslensku fyrst þegar hún flutti til Íslands en það lærðist með tímanum að hennar sögn. Móðir Önnu á erfitt með að beygja orð á íslensku en talar hana vel.

Aron er umsjónarkennari Önnu. Hann hefur starfað sem kennari í grunnskóla í 17 ár eða síðan árið 2001. Hann hefur óreglubundið en alveg frá upphafi starfsferils síns sem kennari unnið við kennslu tvítyngdra nemenda. Aron segist ekki sækja námskeið til þess að fræðast um kennslu tvítyngdra nemenda.

### 2.5.5 Lísa

Lísa er nemandi í 8. bekk í grunnskóla á Vesturlandi. Lísa hefur átt heima á Íslandi allt sitt líf eða í 13 ár. Lísa er því uppalin á Íslandi og talar góða íslensku en er alin upp við tvö tungumál, pólsku og íslensku. Á heimili fjölskyldunnar er eingöngu töluð pólska en Lísa talar eingöngu íslensku fyrir utan heimilið, í skólanum og við vinkonur sínar. Þegar hún var spurð að því hvað henni þætti erfiðast við að læra íslensku þá svaraði hún því að henni þætti stafsetning erfiðust ásamt því að skrifa á íslensku. Lísa segist vera dugleg að lesa á íslensku og horfir einstöku sinnum á íslenskt sjónvarpsefni.

Foreldrar Lísu eru bæði frá Póllandi en móðir hennar hefur verið búsett á Íslandi í 14 ár en faðir hennar fjórum árum lengur, eða í 18 ár. Faðir Lísu sagði í viðtali við rannsakanda að hann hafi einu sinni sótt námskeið til þess að læra íslensku fyrst þegar hann flutti til landsins en það var á vegum fyrirtækis sem hann vann hjá. Móðir hennar hefur sótt þrjú slík námskeið og hefur henni þótt erfitt að læra tungumálið. Eftir að hún byrjaði að vinna með Íslendingum hefur henni þó þótt það auðveldara og hefur það hjálpað henni að ná tökum á tungumálinu en áður vann hún eingöngu með fólki frá Póllandi. Móðir hennar starfar á Dvalarheimili í sveitarfélagi á Vesturlandi og þar þarf hún að tala mikið íslensku. Hún segir að hún hafi lært mikið af því og hefur henni því gengið betur að tala íslensku en áður. Hún segist einnig lesa á íslensku og horfa á íslenskt sjónvarpsefni og þá sérstaklega fréttirnar. Það sama á við um faðir Lísu nema hann hefur ekki áhuga á að lesa á íslensku eða læra það. Foreldrar Lísu voru sammála um það að hún hefur hjálpað þeim mikið að skilja og túlkar fyrir þau þegar þau þurfa á því að halda.

Sigrún er umsjónarkennari Lísu. Hún hefur starfað sem grunnskólakennari í sex ár en þar á undan að kenndi hún í eitt ár í framhaldsskóla. Hún hefur kennt tvítyngdum nemendum frá því að hún hóf starfsferil sinn sem kennari. Sigrún er tungumálakennari í

grunninn og tók því mikið af námskeiðum tengdu því í námi sínu í háskólanum. Ásamt því hefur hún farið á svokölluð örnámskeið eða fyrirlestra til þess að fræðast um kennslu tvítyngdra nemenda á vegum Kennarafélags Vesturlands sem voru haldin á haustþingi kennara í Borgarnesi. Sigrún segir ekki mikið í boði í þessum efnum á vegum skólans eða vinnustaðar. Hún leggur mikla áherslu á að nemendur og foreldrar rækti móðurmál sitt til þess að ná góðum árangri í íslenskunámi. Í bekknum hennar eru þrjú tvítyngdir nemendur og allir eru frá Póllandi.

### 3.5.6 Díana

Díana er nemandi í 9. bekk í grunnskóla á Vesturlandi. Díana hefur búið á Íslandi í sex og hálf ár en hún flutti til Íslands ásamt fjölskyldu sinni árið 2011. Díana er fædd í Víetnam og er víetnamska því hennar móðurmál og íslenska annað mál. Hún nefndi það í viðtali við rannsakanda að henni þætti gaman að lesa á íslensku og talar íslensku við vinkonur sínar. Hún segir að það gangi einnig ágætlega að viðhalda móðurmáli sínu þar sem er eingöngu töluð víetnamska á heimili fjölskyldunnar.

Eins og Díana hefur móðir hennar búið á Íslandi í tæp sjö ár en er fædd og uppalin í Víetnam. Móðir hennar starfar í fiskverksmiðju á Vesturlandi og er eins og er að taka námskeið til þess að læra íslensku. Í viðtali við hana þurfti hún að hafa dóttur sína, Díönu, með sér sem túlk og talar hún því bjagaða íslensku. Hún virtist hafa skilið sumt af því sem rannsakandi spurði hana að, þó ekki allt. Móðir hennar segist ekki tala íslensku heima við en reynir sitt besta við að tala tungumálið í vinnu sinni.

Helena er umsjónarkennari Díönu og tók við henni veturinn sem hún byrjaði í 8. bekk. Helena er búin að vera starfandi kennari í níu ár og hefur kennt tvítyngdum nemendum í jafn langan tíma. Þegar spurð að því hvort hún sæki námskeið til þess að fræðast um kennslu tvítyngdra nemenda svaraði hún því neitandi. Hún segir að hún hafi í flestum tilfellum einungis verið með einn nemanda í bekk sem er að erlendu baki brotnu. Í fyrsta sinn núna tók hún við þremur tvítyngdum nemendum en einn þeirra færði sig um bekk eftir áramót. Helena segir að Díana sé mjög vinnusamur og duglegur nemandi og að hún tali góða íslensku. Hún tekur það einnig fram að hvorugir foreldrar hennar tali góða íslensku. Hún telur það gríðarlega mikilvægt að foreldrar styðji börnin sín við að læra annað tungumálið sitt og að viðhorf þeirra hafi mikil áhrif.

### 3.6 Öflun og úrvinnsla gagna

Viðtölin fóru fram á tímabilinu janúar 2018 – mars 2018. Haft var samband við viðmælendur og þeir beðnir um að nefna þann tíma sem hentaði þeim best fyrir viðtalið. Viðtölin fóru ýmist fram í kennslustofum, heimilum viðmælenda, fundarherbergjum skólanna og kaffihúsi. Öll viðtölin við nemendur fóru fram á skólatíma og fékk rannsakandi þau lánuð á meðan á viðtalinu stóð. Eins var með kennara, en fjögur þeirra viðtala fóru fram á vinnustað þeirra en aðeins eitt á heimili eins af því að sá kennari var í veikindarleyfi á þessu tímabili. Annað fór fram á kaffihúsi bæjarins þar sem það var páskafrí í skólanum á þeim tíma sem viðtalið fór fram. Kennararnir sem tóku þátt í rannsókninni eru allir starfandi kennarar í unglingadeild í grunnskólum sveitarfélagsins. Viðtölin við foreldra fóru flest fram í skóla nemenda en aðeins eitt á heimili þeirra þar sem rannsakanda var boðið að koma heim til þeirra til að taka viðtalið sem hentaði þeim best. Allir viðmælendur voru tilbúin að gefa sér tíma til að taka þátt í rannsókninni með jákvæðu viðhorfi.

Áhersla var lögð á afslappað andrúmsloft og öruggt umhverfi meðan á viðtölum stóð. Áður en rannsakandi byrjaði viðtölin og upptökur þess var rætt um daglegt líf ásamt því að útskýra betur rannsóknina sjálfa og tilgang hennar og hvernig viðtölin færu fram og fjölda spurninga. Einnig var útskýrt ástæðu upptökunnar. Viðtölin voru tekin upp á upptökuforriti (Voice Memo) í farsíma rannsakanda og vörðu þau frá fjórum mínútum upp í 43 mínútur. Viðtöl við nemendur voru þau styðstu en viðtölin við kennara þau lengstu, viðtölin við foreldra voru þar á milli. Viðtölin gengu öll að óskum. Viðtölin voru öll hljóðrituð með munnlegu samþykki viðmælenda.

Að viðtölum loknum voru þau afrituð í tölvu þar sem rannsakandi hlustaði á viðtölin vandlega og skráði niður orð af orði það sem kom fram í hverju viðtali og að lokum lesið þau yfir. Ef eitthvað fór á mis var hlustað á upptökuna aftur. Öllum viðmælendum voru gefin dulnefni og sömuleiðis passað að nafn skólans kæmi ekki fram. Ef nafnið kom fram í viðtalinu var það skráð á annan hátt. Eftir að viðtölin voru afrituð í tölvu voru öllum upptökum eytt. Lesið var vel yfir afritun viðtala og þau svo flokkuð í þemu. Þau þemu sem komu fram voru íslenskukennsla tvítyngdra, móðurmálskennsla, viðhorf og reynsla. Úr því komu gögn um áherslur í tilhögun í námi tvítyngdra nemenda í unglingadeild í grunnskóla. Við gerð bæði rannsóknarkafla og kafla með niðurstöðum voru viðtölin lesin nokkrum sinnum í geng og vandlega til þess að ekkert vantaði upp á.

### 3.7 Samantekt

Viðmælendur rannsóknarinnar eru 18 talsins. Meðal þeirra eru sex nemendur og jafnmargir foreldrar og umsjónarkennarar. Nemendurnir eru allir í unglingadeild og dreifast yfir tvo grunnskóla í sveitarfélagi á Vesturlandi. Kennararnir eru allir umsjónarkennarar og kenna allir íslensku, flestir kennararnir eru kvenkyns en þó einn karlkyns. Starfsreynsla þeirra var mismörg en á milli sex til 18 ár og sömuleiðis með reynslu af kennslu tvítyngdra nemenda en allir kennarar eiga það sameiginlegt að hafa kennt þeim nemendum frá upphafi. Foreldrar nemenda hafa átt búsetu á Íslandi allt frá 10 og upp í 23 ár. Allir eru með misjafna getu til að tala íslensku. Viðhorf kennara og foreldra var almennt það að vilja barni og nemanda fyrir bestu og mikill áhugi á að hjálpa þeim að ná árangri í námi sínu.

### 3.8 Siðferðislegir þættir

Mikilvægt er að huga vel að siðferðislegum þáttum eigindlegar rannsóknar þar sem um er að ræða trúnaðarmál viðmælenda. Rannsóknin var tilkynnt til Persónuverndar og sótt um leyfi hjá skólastjórnendum. Sendur var út tölvupóstur til þess að fá skriflegt leyfi frá foreldrum til að taka viðtöl við börn þeirra þar sem allir nemendur eru undir 18 ára aldri. Sömuleiðis með foreldra og kennara þá þurfti ég skriflegt samþykki frá þeim til að taka viðtöl við þau. Allir viðmælendur veittu munnlegt samþykki fyrir upptöku á viðtali. Viðmælendur fengu allir dulnefni í rannsókninni til þess að ekki væri hægt að rekja svör þeirra og að ekki yrði fjallað um persónuleg mál gagnvart öllum viðmælendum. Í eigindlegum rannsóknum er mikilvægt að gæta fyllsta trúnaði við þátttakendur.

Til að tryggja áreiðanleika (e. reliability) í svörum viðmælenda var leitasy við að spurningar væru að mestu leyti byggðar upp á sama hátt en aðlagðar að einstaklingum. Leitast var við að svara rannsóknarspurningu og því var leitast við að hafa samræmi í viðtölunum ásamt því að halda samræðum flæðandi. Ekki er hægt að tala um heilagan sannleika í eigindlegum rannsóknum en til þess að tryggja réttmæti (e. validity) sem er samkvæmt Silverman (2010) annað orð yfir sannleika, var leitað til kennara sem hefðu reynslu á því að kenna tvítyngdum nemendum og einnig foreldrum sem hafa átt búsetu á Íslandi um nokkurt skeið á lífsleið sinni.

## 4 Niðurstöður

### 4.1 Áherslur í kennslu tvítyngdra barna

Í þessum kafla verður fjallað um fyrri reynslu þeirra kennara sem tekin voru viðtöl við, hvernig þeim þykir best að kenna þeim nemendum sem þeir kenna ásamt því hvað þeim þykir skila mestum árangri. Almennt verður farið yfir það sem kom fram í viðtölum við sex mismunandi grunnskólakennara tvítyngdra nemenda með mismunandi viðhorf til kennslu þeirra. Einnig verður fjallað um hvað kom fram í viðtali við nemendurna sjálfa og hvernig þeim gengur í náminu að læra íslensku.

#### 4.1.1 Viðhorf og reynsla kennara

Skipulag íslensku sem annars tungumáls á einstökum stigum grunnskóla tekur mið af aldri, þroska og þörfum nemenda. Einnig þarf að hafa í huga reynslu nemenda, menningarlegan bakgrunn og ekki síst stöðu nemanda í námi (Aðalnámskrá grunnskóla, 2013, bls. 107). Í þessum kafla verður fjallað um viðhorf og reynslu kennaranna sem tekin voru viðtöl við, hvernig þeir skipuleggja kennslu sína með tvítyngdum nemendum, áherslur þeirra og nálgun þeirra nemenda.

Eins og hefur komið fram hefur Helena starfað sem kennari í níu ár og kennt tvítyngdum nemendum í jafn mörg ár. Hún er umsjónarkennari Díönu í 9. bekk. Helena hefur ekki sótt sérhæfð námskeið í kennslu tvítyngdra eftir að hún útskrifaðist úr háskóla en hefur þó lært mikið af reynslunni. Í viðtali við rannsakanda sagði hún að það sé mismunandi eftir nemendum hvernig henni þætti best að kenna þeim, hversu lengi þeir hafa búið á Íslandi og almennt hversu duglegir og metnaðarfullir þeir eru í námi sínu.

Helena segir að það skipti miklu máli hvernig bakland tvítyngdir nemendur hafa og að hún kenni tveimur nemendum frá Póllandi að Díönu meðtalinni. Díana á gott bakland sem styður við nám hennar ásamt því að hún á systur sem er tveimur árum eldri en hún og hefur það hjálpað henni mikið í íslenskunáminu. Hinn nemandinn hefur engin systkini til að hjálpa sér og foreldrar hans tala enga íslensku og fær hann því lítinn stuðning. Þetta segir hún skipta miklu máli og sér hún mun á þessum tveimur nemendum og árangri í námi þeirra.

Þegar kemur að námi þeirra nemenda sem hún kennir segir hún að henni þygi best að endurtaka oft það sem þau eru að læra, nefnir hún það einnig að það að tala við nemendur mikið á íslensku henti henni vel og telur hún það hjálpa nemendum með talað mál. Annars kennir hún tvítyngdum nemendum eins og eintyngdum en hefur þó leitað í námsefni fyrir yngri nemendum. Hún tók það fram í viðtali að Díana eigi erfitt með íslensku í ákveðnum námsgreinum líkt og stærðfræði og segist hún taka á því þegar það á við.

Og nú er náttúrulega orðið svona flókin orðadæmi og svona þar er í fyrsta skipti núna sem hún er svona að strögla aðeins í stærðfræði. En er samt með mjög góðar einkunnir sko. Svona fræðilegra og þannig, þannig að bara vinnusemin hjá henni er bara að skila sér og þú veist líka, ég hjálpa henni að lesa upphátt fyrir hana og útskýri aðeins öðruvísi svo hún skilji betur.

Eins og kemur fram hérna að ofan þykir Helenu gott að lesa upphátt fyrir Díönu og útskýra fyrir henni dæmi sem hún á erfitt með að skilja.

Heiðrún hefur starfað sem kennari í 18 ár og er umsjónarkennari Söru í 10. bekk. Hún hefur einnig kennt tvítyngdum nemendum frá upphafi starfsferils síns. Heiðrún hefur kennt nemendum frá mörgum mismunandi löndum þar á meðal Rússlandi, Englandi, Póllandi, Taílandi og Filippseyjum og hefur því ágæta reynslu af kennslu tvítyngdra nemenda ásamt því að bæta ofan á hana með árunum sem líða og þeim nemendum sem hún tekur við.

Heiðrún fékk góða hjálp þegar hún byrjaði að kenna tvítyngdum nemendum og þar á meðal fékk hún hjálp frá sérkennara og þroskaþjálfara. Hún gerði ýmislegt með nemendum sínum þegar hún kenndi í grunnskóla á Suðurnesjum en það var áður en hún byrjaði að vinna á þeim vinnustað sem hún starfaði á, á meðan rannsóknin stóð yfir. Þar á meðal að gerði hún með þeim allskyns bækur og verkefni eins og kemur fram hér að ofan. Einnig nefndi hún það að hún hafi verið dugleg að fara með þá nemendur út eftir kennslu og kennt þeim um bæinn sinn og umhverfið ásamt því að tala mikið við þau íslensku og nefna hluti sem þau sáu á ferð sinni. Hún sagðist því vera orðin örugg í kennslu tvítyngdra barna þegar hún flutti sig yfir í þann grunnskóla sem hún vinnur við í dag og þar með talið þegar hún tók á móti Söru.

og þar fékk ég rosa góð ráð sem var allskonar hvað ég gæti gert með einmitt þessum krökkum sem ég var með, það voru auka tímar... fyrir þessa krakka, ég sinnti því... þannig að eftir skóla kannski eða eftir kennsluna þá hitti ég þessa nemendur kannski einu sinni í viku eða tvisvar í viku og við vorum að gera kannski bara... bílabók...

Heiðrún segir að hún hefur kennt nemendum sem tala enga íslensku og skilja lítið sem ekkert og að henni þyki það einstaklega erfitt að upplifa eins og maður sé ekki að sinna nemandanum nægilega vel og að maður viti inni í sér að hægt sé að gera meira. Hún nefnir



að þá sé erfitt að ná tökum á þessu og það væri sömuleiðis erfitt að vita hvar maður eigi að byrja í slíkri kennslu.

Heiðrún segir að hún hafi ekki sótt nein sérstök námskeið til að fræðast um kennslu tvítyngdra í mörg ár en hún gerði það þó fyrstu árin sem hún byrjaði að starfa sem kennari, eftir að hún útskrifaðist úr háskóla. Hún átti erfitt með að svara þegar rannsakandi spurði hana að því hvað henni þætti skila mestum árangri þegar kemur að kennslu tvítyngdra nemenda. Hún segir að það fari eftir því hvort þau komi inn í skólann nýflutt til Íslands eða hvort hún taki við þeim eftir að þau hafa búið hér á landi í einhvern tíma og einnig hvort að foreldrar þeirra tali íslensku. Það sem hún nefndi eftir að hafa fengið tíma til að hugsa var að henni þætti best að tala sem mesta íslensku við nemendur sína og reyna að ná þeim í það námsefni sem næst hinum nemendum í bekknum með því að byrja með lítið og vinna sig svo upp. Heiðrún segir að Sara tali góða íslensku.

og barnið talar bara, er með liggur við bara betri íslensku en nemendurnir hér... íslensku, sem eru með það sem móðurmál

Hún bætir því við að henni þykir skila miklum árangri hversu mikinn þátt foreldrar taka í námi barnsins. Örvun skiptir miklu máli ef barnið er ekki búið að ná almennilegum tökum á tungumálinu, til dæmis það að horfa á sjónvarpið heima fyrir getur haft mikla þýðingu. Hún segir að foreldrar geti stuðlað að betri árangri í íslenskunámi með því að reyna að læra fyrst og fremst íslenska tungumálið sjálf og reyna að skapa umhverfi þar sem verið er að nota íslensku.

Aron hefur starfað sem umsjónarkennari í 17 ár og kennt tvítyngdum nemendum jafn lengi.

Það er náttúrulega alltaf, óreglubundið eru alltaf einhver sem að.. það er bara misjafnt en það er alltaf einhver í ákveðnum árgangi sko, þó það sé ekki í íslenskukennslu þá er það í öðrum greinum eins og í stærðfræði. Það eru alltaf tvítyngdir nemendur.

Þegar spurður að því hvort að hann hafi sótt námskeið til þess að fræðast meira um kennslu tvítyngdra þá svarar hann því neitandi en segir þó að það sé eitthvað í boði en segist ekki

muna eftir því að það hafi verið eitthvað sérstaklega fyrir kennslu tvítyngdra á vegum bæjarins.

Aron segir að það fari eftir viðfangsefninu hvernig best sé að kenna tvítyngdum nemendum því að þau séu misjafnlega sterk í tungumálinu. Hann segir suma nemendur vera mjög góða í tungumálinu og þá þurfi ekki að kenna þeim frekar heldur en öðrum nemendum. Hann tekur það einnig fram að sumum sé betra að kenna þegar meira næði gefst með þeim. Hann segir að þá fái hann tækifæri til þess að útskýra efnið á skýrari hátt. Ástæðan fyrir því er að hans mati sú að skilaboðin til bekkisins gæti farið á mis þegar talar er við stóran hóp.

Stundum gerist það að þau segjast skilja en eru í rauninni ekki að ná innihaldinu.

Aron segist finna sér sjálfur námsefni fyrir þá nemendur sem hann er með í kennslu sem eiga annað móðurmál en íslensku og að stundum sé það þannig að sérkennslukennarinn í skólanum hjálpi til í þeim málum en almennt bjargi hann sér sjálfur. Þegar rannsakandi spurði hver honum finnist þáttur foreldra í íslenskunámi þeirra barna svarar hann því að hann sé jafn mikill og annarra nemenda. En hann segir að þeir eigi erfiðara með að hjálpa þeim í náminu og að nemendur séu því á eigin vegum í námi með stuðning frá skólanum. Hann segir það skipta gríðarlegu máli að foreldrar þeirra styðji þau í náminu og að foreldrarnir nái sjálf tókum á tungumálinu. Hann nefnir það einnig að erlendir foreldrar sitji oft á hakanum og að þau gleymist oft. Hann segir að það styðji Önnu mikið að móðir hennar tali góða íslensku og sé viljug að fylgja henni eftir í náminu.

Aron segir að foreldrar eigi að fylgja börnum sínum eftir í náminu til þess að þau nái góðum árangri í íslenskunámi sem barn með annað móðurmál og reyna að setja sig eins vel inn í nám þeirra og hægt er en það hefur reynst sumum erfitt. Að lokum segir hann að sú ákvörðun að foreldrar læri tungumálið sjálf skipti miklu máli.

Arna er kennari í 10. bekk og er þetta sjötti veturinn sem hún starfar sem kennari í grunnskóla. Hún segir í viðtali við rannsakanda að hún hafi kennt tvítyngdum nemendum í um fimm ár. Arna skilgreinir tvítyngda nemendur sem þau börn sem eiga foreldra með sitthvort móðurmálið og að þau börn hafi því alist upp við tvö móðurmál á heimilinu. Í tilfelli nemanda hennar, Daníels, er því þannig háttað. Móðir hans er fædd og uppalin á Íslandi og er því íslenska móðurmál hennar en faðir hans er fæddur og uppalinn í Þýskalandi og er því hans móðurmál þýska. Daníel hefur því alist upp við bæði þýsku og íslensku og hafa báðum

tungumálum verið vel haldið við hjá honum síðan hann fæddist. Arna hefur alltaf verið með nýbúa síðan hún byrjaði að kenna.

Arna segir að hún hafi sótt námskeið til að fræðast um kennslu tvítyngdra nemenda en þó ekki mörg eftir að hún útskrifaðist úr háskóla. Hún segir að þeir kennarar sem vinna í skólanum sem hún vinnur í fái hjálp til þess að sækja slík námskeið en segir að það þurfi að sækjast svolítið eftir því sjálfur.

En það er samt alveg svolítill fræðsla inni í skólanum en það er kannski ekki sem er, eða þú veist jú með tvítyngd en þau eru svolítið bara svona oft með í þakkanum með þeim sem eru bara með annað móðurmál, íslensku sem annað mál. Kannski ekki svo mikið þessi tvítyngdu, ef ég á að vera alveg hreinskilin.

Arna segir að sem kennari eigi hún til með að kenna tvítyngdum á sama hátt og eintýngdum nemendum. Enda sé þetta annað móðurmál þeirra þó svo að þau eigi annað tungumál. Hún segir að henni þyki best að vera þolinmód og fá þau til þess að vera þolinmód gagnvart eigin þekkingarleit, að hún skynji oft þeirring í þeim og að kennarar þurfi að sýna því skilning. Hún bætir því við að stundum snúist kennsla þeirra um að þau geti það sem þau eru að læra og að fá þau til þess að trúá því að þau geti þetta ásamt því að þau séu að græða. Hún segir að þau hafi tvö móðurmál í staðinn fyrir eitt og að þeim finnist námsefnið flóknara þegar þau koma upp í unglingsstig.

Ég held að það sé einmitt einna helst það, að svona að gefa þeim ákveðinn slaka en líka fá þau til þess að sjálf, að svona dálítið að trúá á sig. En það er svo sem eins með þau og aðra nemendur.

Þegar spurð að því hvort að hún sjái sjálf um það að sækja námsefni fyrir tvítyngda nemendur svarar hún því neitandi og að hún hafi aldrei haft tvítyngda nemendur sem ekki hafa náð að fylgja samnemendum sínum í bekknum og að þau hafi sama námsefni og þeir. En hinsvegar gerir hún þeim grein fyrir að þau þurfa að hafa meira fyrir íslenskunámi og þau þurfa að leggja mikið á sig. Það er mikilvægt að fá þau til að skilja að þau ætla sér öll að mennta sig á íslensku og þess vegna verða þau að leggja mikið á sig á efri stigum grunnskóla og í framhaldsskóla. Arna bætir því við að það fari mikið eftir því hversu mikið þetta vefst fyrir þeim.

Eða ég veit eiginlega ekki hvort að það megi segja að þetta hái þeim eitthvað sérstaklega mikið, skilurðu? Út af því að ég veit ekki hvort að ég vilji nota það orð af því að það að vera tvítyngdur gerir manni kannski erfitt fyrir á ákveðnum sviðum.

Arna segir það skipta miklu máli hvort að þú sem foreldri talir móðurmálið við barnið þitt vegna þess að þá merkja þau um leið hvort þau ná tökum á öðru tungumáli, ef þú ert alltaf að tala þjagað annað tungumál við barnið þá hefur það áhrif á tilfinninguna við tungumálið og tekur hún það fram að hún hafi verið með slíka nemendur. Hún var með tvo nemendur sem eru tvítyngdir og það var töluð þjögud íslenska við þau og segir hún það hafa alvarleg áhrif á nám þeirra að læra nýtt tungumál. Hún bætir því svo við að starf hennar sé fyrst og fremst að sannfæra nemendur sína um það sem þau geta.

Ég er ekki hér til þess að, til þess að grípa það hvað þú getur... ef þú hefur ekki trú á þér, þá er ég hér til þess að hafa trú á þér þangað til. Það er eiginlega svolítið mitt að sannfæra þau um það hvað þau geta.

Hún segir að þáttur foreldra tvítyngdra nemenda sé hvað mestur, það að foreldrar tali við þau, hvort að þau haldi lestri við lestur hjá barninu þínu, hvort að horft er á íslenskt sjónvarpsefni á heimilinu. Bætir hún því svo við að kennarar geti bara gert svo mikið en að málumhverfi barnsins skipti miklu máli. Hún segir í viðtali:

Við í skólakerfinu þurfum líka að passa okkur að tala ekki niður þennan hæfileika að vera tvítyngdur, að það er kannski það sem að maður reynir að passa upp á við krakkana að segja kannski, hey já ókei þú þarft að hafa meira fyrir íslenskunni og það er kannski það sem þú ætlar að mennta þig við og það er kannski menningararfurinn þinn hér, en hérna þú þarft líka að passa upp á hitt tungumálið og þú ert í rauninni með stærra mengi, fá þau til þess að þykja vænt um þetta og bera virðingu fyrir þessu og sjá þetta sem fjársjóð en ekki eitthvað sem að heftir þig.

Sigrún er umsjónarkennari í 8. bekk og hefur starfað sem grunnskólakennari í sjö ár en þar á undan starfaði hún sem kennari í framhaldsskóla eins og hefur komið fram hér á undan. Hún hefur sömuleiðis kennt tvítyngdum nemendum frá því hún byrjaði að kenna. Þar sem hún er tungumálakennari í grunninn hefur hún sótt námskeið sérstaklega til að fræðast um kennslu á öðru máli og kennslu tvítyngdra nemenda. Hún segir að til þess að nemendur geti náð góðum árangri í einu tungumáli þarf að vera góður grunnur í öðru og segir hún að það geti gert tvítyngdum nemendum erfitt fyrir.

Sigrún segir að hún sé heppin að vera með þrjá nemendur frá Póllandi og þegar hún getur og þegar tími gefst leyfir hún þeim að vinna saman og hvetur hún þau til þess að lesa á þeirra móðurmáli, pólsku. Ástæðan fyrir því er að hún vill að þau öðlist ágætis færni þannig að það haldist í hendur við að öðlast færni í námi sínu við íslenska tungumálið.

Sigrún tekur það einnig fram að hjá tveimur af þessum þrem nemendum, þó ekki í tilviki Lísu, hefur hún þurft túlkuð viðtöl við foreldra nemendanna því þau tala og skilja litla sem enga íslensku en að það sé alls ekki málið með Lísu og foreldra hennar.

Þegar spurð út í námsefni tvítyngdra nemenda í bekknum hennar segir hún að hún finni það allt sjálf. Hún vinnur alltaf að sömu markmiðum en kannski með annað námsefni en annarra í bekknum eða þeim nemendum sem eru eintyngdir. Hún reynir að velja úr sömu verkefnum og aðrir nemendur eru með, með það í huga að þau ráði við það eða henti þeim sem best.

Já svolítið svona einstaklingsbundið.. en nei ég nota svolítið tungumálatorgið, athuga svolítið þar og fylgist svolítið með snjallþræðinum þar líka.. erlendir nemendur, þú veist þrátt fyrir að hún sé í raun og veru kannski, það er kannski ekki hægt að titla hana sem erlendan nemanda þá er hún samt sem áður.. hún er tvítyngd, þannig að það er hellings umræða þar sem maður alveg nýtt sér stundum í kennslunni.

Sigrún telur að þáttur foreldra tvítyngdra barna í íslenskunámi sé að styrkja þau í öðru tungumálinu, sem sagt móðurmáli nemenda vegna þess að þau þurfa alltaf færnina til að byggja ofan á þekkingu sína og tengja við það sem þau hafa. Tekur hún einnig fram að þegar nemandi á ekki tungumál sem hann er sterkur í þá sé erfitt að ná tengingu við annað málið. Í hennar huga er besti undirbúningur Lísu til að ná sterkari tengingu við íslenskuna er að styrkja sig í móðurmáli sínu. Hún sér að þáttur foreldra tvítyngda nemenda sinna sé að hvetja þau til að lesa á íslensku en bætir því við að hún vilji ekki að þau tali við hana

sérstaklega á íslensku. Ástæðan fyrir því er að þau því tala bjagaða íslensku og vill hún að þau haldi að henni móðurmálinu sínu. Þetta telur hún vera helsta hlutverk foreldra Lísu þar sem hún sem kennari hennar getur ekki séð um það.

Á þeim tíma sem viðtalið var tekið var hún að lesa Hrafinkelssögu fyrir bekkinn sinn og sagðist hún hafa hugsað mikið út í það hvernig hún ætti að sjá um kennslu þriggja tvítyngdra nemenda í bekknum sínum. Hún ákvað því að fara í það ferli að hún les upp söguna þannig að þau eru þá stöðugt að hlusta á tungumálið, síðan er þau með allskonar umræður þar sem að þau eru þá alltaf virkir hlustendur. Hún tekur síðan dæmi um það að þegar Lísa mismælir sig eða beygir orð vitlaust á íslensku reynir hún að leiðrétta hana þannig að hún útskýrir vel hvernig hún segir orðið og hvernig hún segir það rétt.

Þegar maður heyrir hana... eins og um daginn þá var hún að segja „ég kunnti það ekki“ og hérna.. ég segi veistu hvað kunta þýðir? Og hún segir nei, þannig að ég útskýri það fyrir henni.. ekki það að ég veit að þetta er ljótt orð og allt svona, en bara þannig að hún væri ekki að.. af því að það er svo erfitt að segja „nei þú átt ekki að segja þetta svona“ þannig að ég hugsaði að þetta væri kannski besta leiðin til þess að fá hana til þess að hugsa já nei maður segir ekki þetta, þetta er ekki gott orð. Þannig að ég hugsaði að kannski myndi þetta skila einhverju.

Hún bætir því við að hún vilji ekki falla í þá gryfju að vera alltaf að leiðrétta. Hún heldur það að þegar unglingar eru að læra nýtt mál þá átta þau sig ekki á því að þau séu að segja vitlaust og segir að þá er oft best að endurtaka setninguna á réttan hátt og athuga hvort að þau gera einhvern greinarmun.

Iðunn er kennari í 9. bekk og hefur starfað sem kennari í 12 ár og hefur kennt tvítyngdum nemendum jafnlengi. Hún hefur aðallega kennt börnum frá Palestínu en er núna í fyrsta skipti að kenna nemendum frá Póllandi og Klara þar með talin. Fyrir utan Klöru kennir hún einnig dreng sem hefur gengið alla sína skólagöngu á Íslandi en talar litla og óskýra íslensku þrátt fyrir það, hann er einnig slakur á sínu móðurmáli sem Iðunni finnst snúið mál og hefur unnið mikið með síðan hún tók við honum. Fyrir slíka nemendur hefur hún notað námsefni fyrir nemendur sem eru að byrja á miðstigi. Klara er hinsvegar á góðum stað í íslenskunni þó hún geti alltaf bætt sig og er hún með svipað efni og samnemendur hennar sem eru eintyngdir.

Iðunn segir að hún hvetji foreldra tvítyngdra nemenda til þess að styrkja og viðhalda móðurmáli barna sinna til þess að hafa grunninn og þekkingu til þess að tengja við nýtt tungumál, eða íslensku í þeirra tilfalli, sem annað mál.

Ég kenndi dreng, sem að var hérna fæddur og uppalinn hérna á Íslandi, hann átti portúgalska mömmu og íslenskan pabba og mamman talaði við hann portúgölsku og þau töluðu saman, öll fjölskyldan mest megnis ensku heima og svo vorum við náttúrulega að kenna honum íslensku í skólanum og hann, hann kunni ekkert tungumál almennilega. Þannig að þetta er svolítið erfitt sko.

Iðunn segist vera sammála þeim rannsóknum sem sýna að þeir nemendur sem eru góðir á sínu móðurmáli eigi auðveldara með að tileinka sér annað tungumál. Hún segir einnig að þegar hún kenndi palestínskum nemendum þá hafði hún fengið þau á mismunandi aldri til sín. Bakgrunnur þeirra er þó ekki endilega besta viðmiðið þar sem þau þar gengu ekki í skóla og foreldrar ekki mikið að kenna þeim. Þannig að flest þeirra voru ólæs og óskrifandi á sínu eigin tungumáli og þá reyndi hún að fá það í gegn að fá móðurmálskenndu á skólatíma svo þau hefðu einhvern grunn en það gekk þó ekki eins vel og hún hafði vonað. Hún leggur því mikla áherslu á að nemendur hennar fái hvatningu til þess að halda við sínu móðurmáli.

Iðunn segir einnig að það skili miklum árangri fyrir talað mál hjá tvítyngdum nemendum að þeir séu félagslega vel staddir, þ.e. að tilheyra vinahóp eða eiga vini sem þau tala við daglega á íslensku og að foreldrar eigi að hvetja börn sín til dæmis að fara í unglíngavinnuna á sumrin eða eitthvað félagsstarf. Nefnir hún það einnig að það sé form af vanrækslu að foreldrar hvetji ekki börn sín í námi eða taki þátt í námi þeirra og sýni þeim ekki hversu mikilvæg menntun er. En segir á sama tíma að við Íslendingar þekkjum ekki menningu þeirra fjölskyldna sem flytja hingað til Íslands og getum við ekki sett okkur í ákveðið dómarasæti. En það sem við getum reynt er að segja þeim hversu mikilvægt að þau ýti undir metnað barnanna og taki þátt í íslenskunámi þeirra og námi yfir höfuð í grunnskóla til að þau geti haldið námi áfram.

Þegar spurð að því hvort að hún sæki sérstaklega námskeið til þess að fræðast betur um kenndu tvítyngdra nemenda og bæta á sig þekkingu svarar hún því að hún hafi ekki mikið gert það en lesi sér mikið til um sjálf. Hún segir að engin sérstök námskeið heilli hana um kenndu tvítyngdra nemenda. Bætir hún því við að henni hafi ekki boðist neinn styrkur

frá skólanum til að sækja slík námskeið. Henni þykir skólakerfið almennt fara rangt að því að taka á móti tvítyngdum nemendum.

Hún segir að henni þykir vanta að sérkennarar leggi upp fyrir kennurum námsefni sem henta tvítyngdum nemendum. Hún segir að hún viti ekkert alltaf hvar hún eigi að byrja með nemendur sem koma til landsins og kunna enga íslensku. En segir einnig að þetta sé mjög vand með farið og megi ekki gera lítið úr þeim, þá sérstaklega unglingum.

#### **4.1.2 Íslenskunám nemendanna**

Í þessum hluta verður fjallað um hvar nemendur standa í sínu námi við íslensku á því tímabili sem viðtölin voru tekin, greint verður frá viðtölum við nemendur og kennara þeirra, hvað nemendum fannst erfiðast við að læra íslensku og auðveldast, hvernig þeim þykir best að læra ásamt því hvar kennurum finnst þau standa í íslenskunámi sínu sem tvítyngdir nemendur.

Sara hefur búið á Íslandi í um það bil 10 ár, eins og hefur áður komið fram flutti hún með fjölskyldu sinni til Íslands frá Póllandi og er því pólska hennar móðurmál og íslenska hennar annað mál. Samkvæmt Aðalnámskrá grunnskóla (2013) á nemandi sem er lengst kominn í íslenskunámi sínu að geta borið fram íslensk málhljóð og hljóðasambönd og notað íslenskar áherslur og hrynjandi ásamt því að geta beitt málfari og málhegðun sem hæfir stað og stund og tekur tillit til viðmælanda þegar kemur að hlustun og töluðu máli (Aðalnámskrá grunnskóla, 2013, bls. 107-108).

Þegar hún var spurð að því hvað henni þótti erfiðast við að læra íslensku nefndi hún að hún hefði átt auðvelt með að tala hana, hún sagði að hún hafi aðallega lært að tala íslensku með því að hlusta á aðra í kringum sig. Sara er mjög duglegur námsmaður og leggur hart að sér við að læra íslensku eins vel og hún getur ásamt öðru námi. Erfiðast fannst henni þó að skrifa á íslensku og að stafsetja. Sara sagði að fyrst þegar hún kom hingað voru henni gefnar bækur til þess að taka heim til þess að læra í og lesa en því var hætt þegar hún var búin að ná góðum tókum á íslenskunni. Hún segist hafa lært íslensku með því að hlusta á tónlist og horfa á íslenskt sjónvarpsefni.

Kennari Söru nefndi í viðtali við rannsakanda að hún hafi sýnt mikinn árangur í íslenskunámi sínu á grunnskólagöngu enda er hún dugleg, metnaðargjörn og haldið er vel að henni bæði móðurmáli hennar og íslenskunni heima við. Sara er góð í að skrifa og lesa á íslensku en hefur þurft orðalista í samræmdum prófum til dæmis og í stærðfræði á pólsku til að geta tengt það við íslensku og á sama tíma átt auðveldara með að skilja orðin.



Mér finnst sko... nemandinn sem ég er með núna þar er mjög vel haldið að íslenskunni og barnið talar bara, er með liggur við betri íslensku en nemendurnir hér... sem eru með íslensku sem móðurmál.

Díana er nemandi í 9. bekk. Hún hefur búið á Íslandi í sex og hálf ár og flutti til Íslands frá Víetnam með fjölskyldu sinni.

Þegar Díana flutti til Íslands fannst henni auðveldast að byrja að lesa íslensku ásamt því að tala hana en hún þætti því einnig við að henni gengi ágætlega að lesa á sínu móðurmáli líka. Þegar spurð að því hvað henni þætti erfiðast við að læra íslensku þá svaraði hún því að henni þætti málfræði erfiðust, hún nefndi til dæmis að fallbeygja rétt þætti henni flókið. Díana segist vera dugleg að lesa heima á íslensku fyrir utan heimanám ásamt því að hlusta á íslenska tónlist og horfa á íslenskt sjónvarpsefni. Hún nefnir það að hún gæti lært betur íslensku með því að meðal annars spyrja kennarann meira og lesa. Díana talar góða en bjagaða íslensku að því leyti að hún á erfitt með beygingu orða í talmáli sínu. Hún er greinilega mjög dugleg og með viljann til þess að læra íslensku eins vel og hún getur.

Helena kennari hennar segir Díönu vera duglega og vinnusama og hefur það hjálpað henni mikið í íslenskunáminu ásamt því að vilja standa sig og hafa metnað fyrir námi sínu. Helena segir að stærðfræðin sé byrjuð að flækjast aðeins fyrir henni en að það sé vegna þess að orðaforðinn er orðinn öðruvísi og flóknari og er það því nýtt fyrir henni. En á sama tíma fær hún þó að fá góðar einkunnir.

Klara er nemandi í 9. bekk og hefur verið búsett á Íslandi samfleytt í um sjö ár. Hún flutti hingað með fjölskyldu sinni frá Póllandi og er því pólska hennar móðurmál. Klara talar mjög góða íslensku og segist sjálf ekki eiga í neinum vandræðum með námið eins og er. Hún segist bæta sig í íslensku með því að lesa heima og í skólanum.

Iðunn, kennari Klöru, segir hana vera einstaklega vinnusama og duglega. Hún hefur gríðarlegan metnað til að standa sig vel í náminu og vinnur allt eins vel og hún mögulega getur. Hún bætir því svo við að það eina sem mögulega háir henni er að hún skilur ekki flókin orð, fræðiorð og slíkt en leggur það á sig að fletta þeim upp til að skilja þau betur. Þetta segir hún um Klöru í viðtali við rannsakanda:

Oft virðist hún vera með betri orðaforða og skilning en nemendur með íslenskt móðurmál. Ég myndi segja að hún væri draumanemandi.

Daníel er nemandi í 10. bekk og á sér í rauninni tvö móðurmál þar sem faðir hans er þýskur en móðir íslensk. Daníel hefur gaman af því að lesa en les aðallega á þýsku. Móðir hans segir að hann hafi alltaf verið duglegur að lesa og þegar hann átti heima úti í Þýskalandi las hann mikið af íslenskum barnabókum en eftir að hann eltist fannst þeim úrvalið minnka af íslenskum bókum við hans hæfi og á hann erfitt með að finna bækur á sínu áhugasviði á íslensku, ekki kom fram hvers konar bækur hann hefur gaman af.

Arna kennari Daníels segir hann vera duglegan námsmann og segir að það skipti miklu máli að hann tali þýsku á heimilinu en á sama tíma að hann gefi sér tíma til að tala á íslensku. Arna segir að Daníel sé á svipuðum stað í náminu og eintyngdir nemendur hennar en að hann eigi erfitt með að stafsetja og slíkt. Að sögn kennara hans er Daníel A nemandi og það hjálpar honum mikið hvað hann er metnaðarfullur og vill gera sitt besta. Hún segir að hann þurfi sjálfur að ákveða hvert hann ætlar með þetta og fara svo eftir því.

Lísa er nemandi í 8. bekk og hefur búið á Íslandi í 13 ár, hún flutti hingað frá Póllandi. Það sem henni þótti auðveldast við íslenska tungumálið þegar hún flutti fyrst til Íslands var að tala og skilja en henni þótti erfitt að lesa, skrifa og læra málfræðina. Það sem hún gerir heima við til þess að bæta við íslenskan orðaforða er að lesa mikið og hlusta á íslenskt efni. Henni finnst henni ganga vel í námi sínu en hún er dugleg að hlusta á aðra tala íslensku og spyrja um það sem hún skilur ekki.

Sigrún segir í viðtali við rannsakanda að Lísa sé frekar námslega slök og að íslenskan sé henni ofboðslega erfið og telur hún að þar haldist móðurmálið í hendur við íslenskunám hennar þar sem það er heldur ekki hennar sterka mál.

En meiningin er svolítið að styrkja grunninn af því að þegar þú ert með sterkari grunn þá geturðu farið að byggja meira ofan á þekkinguna. Hennar grunnur er slakur og hennar talmál er... nú er hún búin að búa á Íslandi alla sína ævi en hún talar mjög bjagaða íslensku en ég get ekki svarað fyrir pólskuna.

Sigrún segir að Lísa eigi erfitt með að beygja orðin rétt og sama hvort að það eru nafnorð eða sagnorð eða hvaða orðflokkur það er, þátíð sagna er ábótavant, fallbeyging nafnorða og lýsingarorða er mjög slök hjá Lísu að sögn Sigrúnar. En hún segir að Lísa fari einu sinni í viku í svokallað námsver með öðrum nemendum í sérkennslu. Hún bætir því svo við að þótt hún hafi búið svona lengi á Íslandi þá veiti henni ekki af auka kennslu og hún ætlar að sækjast eftir því að hún fái nokkra tíma í nýbúafraeðslu á viku. Hún tekur það fram að hún sjái

framför hjá Lísu en að hún eigi erfitt með tungumálanám og að það haldist í hendur við nám hennar á móðurmálinu og öðru máli.

Ég myndi segja að málin þeirra standa svolítið jafnfætis, sem þýðir að þau eru eiginlega bara svolítið slök í báðum og þau hafa átt erfitt með til dæmis að þýða á íslensku yfir á pólsku og pólsku yfir á íslensku, þú veist þannig að það vantar oft þessa tengingu. Maður hefur alveg tekið eftir því og sérstaklega með hana.

Sigrún segir að Lísa sé róleg og góð stelpa og viti á hvaða sviði hún geti bætt sig og er því alltaf viljug til þess.

Anna er nemandi í 9. bekk í grunnskóla og er fædd og uppalin á Íslandi. Móðir hennar er fædd í Póllandi og er hennar móðurmál því pólska. Anna ólst upp við íslenskt mál en hún talar pólsku við móður sína en annars íslensku. Hún segist bæta sig í íslensku með því að lesa bækur. Önnu þykir auðveldast að hlusta á aðra tala íslensku, þ.e. skilja hana en erfiðast að tala hana eða skrifa og að hennar sögn er alltaf verið að leiðrétta hana.

Aron, umsjónarkennari Önnu segir hana vera duglega og metnaðarfulla í námi sínu og standi sig ágætlega í því sem hún tekur sér fyrir hendur.

#### 4.1.3 Nám í móðurmáli nemenda

Rannsóknir benda til þess að tvítýngd börn sem viðhaldi móðurmáli sínu á meðan þau læra nýja málið séu færari í að vinna úr upplýsingum og skilja umhverfi sitt. Hinn þýski heimspækingur, Gothe ([ártal](#)), sagði að sá sem kann aðeins eitt tungumál skilur það tungumál í rauninni ekki.

Í viðtali við rannsakanda var Sara spurð að því hvort töluð væri eingöngu pólska, móðurmál hennar á heimili fjölskyldunnar, því svaraði hún játandi í bland við íslensku þar sem hún á yngri bróður sem blandar saman íslensku og pólsku á heimilinu.

Móðir Söru leggur áherslu á að þau gleymi ekki móðurmáli sínu og talar því mikla pólsku við Söru og hvetur börnin sín til þess að lesa bæði á íslensku og pólsku.

Sko krakkar lesa daglega af því að ég er alveg að standa í þessu þegar þau lesa bara þeim má skipta, kannski tvo daga íslenska og pólsku og eitthvað svoleiðis.

Kennari Söru, Heiðrún segir í viðtali að það skili miklum árangri í íslenskunámi tvítyngdra barna að þau séu látin horfa á og lesa efni á móðurmáli sínu heima við jafnt sem íslenskt efni. Hún telur einnig að foreldrar Söru séu að sinna móðurmáli hennar vel á heimilinu og þau eru dugleg að halda því að henni.

Eins og hefur komið fram viðheldur Daníel öðru móðurmáli sínu með því að lesa mikið þýskar bækur, faðir hans talar einungis þýsku og er hún eingöngu töluð á heimili fjölskyldunnar. Á sama tíma viðheldur móðir hans íslenskunni ásamt kennurum hans. Móðir hans tók það einnig fram að þegar þau voru búsett í Þýskalandi lagði hún mikla áherslu á að lesa fyrir hann íslenskar barnabækur og var dugleg að tala við hann íslensku.

Eins og kemur fram í Aðalnámskrá grunnskóla (2013) er mikilvægt fyrir sjálfsmynd nemenda með annað móðurmál en íslensku að tekið sé tillit til þekkingar þeirra og færni í eigin móðurmáli og nauðsynlegt að þeir viðhaldi því (Aðalnámskrá grunnskóla, 2013, bls. 106). Arna, kennari Daníels segir að það hafi slæm áhrif á nemandann ef móðurmáli hans er ekki viðhaldið. Hún tekur það einnig fram að honum finnist erfitt að lesa á íslensku. Hún segir að málumhverfi barnsins skipti miklu máli upp á nám þeirra. Hún segir að það sé mikilvægt að hann tali þýsku við pabba sinn en á sama tíma viðhalda íslenskunni. Hún nefnir að til eru margar fjölskyldur sem flytja til Íslands og byrja strax að tala annað tungumálið við börnin sín. Það telur hún að hafi skelfilegar afleiðingar vegna þess að þá þroska þau ekki þá máltilfinningu sem við höfum á móðurmáli okkar en ekki á öðrum tungumálum. Þetta telur hún skipta miklu máli.

Klara segir í viðtali við rannsakanda að töluð sé eingöngu pólska heima við og foreldrar hennar viðhaldi móðurmáli hennar heima. En hér er aðallega verið að tala um talmál þar sem foreldrarnir tala litla sem enga íslensku og hafa því ekki annarra kosta vö. Það kom ekki fram í viðtali hvort að Klara lesi eða geri eitthvað annað en að tala pólsku til að viðhalda móðurmáli sínu.

Helena, kennari Díönu segir að hún hafi ekki tekið sérstaklega eftir því að móðurmáli hennar sé viðhaldið heima við. Þegar Díana skilji sjálf ekki eitthvað á íslensku þá reynir hún ekki endilega að skilja það á sínu móðurmáli heldur vill hún frekar fletta því upp í íslenskri orðabók og skilja orðið einungis á íslensku. Hún tekur það einnig fram að foreldrarnir hafa aldrei talað um það að þau séu með sérstakt námsefni til þess að viðhalda móðurmáli Díönu

en að hún eigi vini á Reykjavíkursvæðinu sem hún talar einnig við ásamt vinum sínum frá Víetnam í gegnum tölvuna. Það sama kom fram í viðtali við foreldra Díönu, að þau viðhalda móðurmáli hennar einungis með því að tala við hana á víetnömsku.

Helena leggur mikla áherslu á að foreldrar styrki börnin sín á móðurmálinu áður en þau halda í nokkurt annað tungumálanám. Þetta hafði hún að segja í viðtali við rannsakanda:

Sko ef ég mætti svara alveg hreinskilnislega... að þá tel ég að þeirra þáttur að undirbúa undir íslenskunám sé að styrkja hana í hinu tungumálinu vegna þess að við þurftum alltaf færnina, þannig að þú veist af því að nemendur... hvernig maður lærir er náttúrulega að byggja ofan á þekkingu, tengja kannski við það sem maður var... Nei þú veist, tengja við það sem maður hefur... annað og þú veist að þegar maður á ekki þú veist, mál sem að er sterkast þá er svo erfitt að ná þessari tengingu... þannig að í mínum huga er þeirra besti undirbúningur og hvernig þau geta best hjálpað henni er að styrkja hana í hinu tungumálinu þannig að hún nái betri tenginum.

Anna segir í viðtali við rannsakanda að stundum sé töluð pólska á heimilu en aðallega íslenska, hún segir að móðir hennar reyni að tala við hana pólsku þegar við á.

Móðir Önnu segist hlusta og aðallega á íslensku heima, þar sem maðurinn hennar er frá Englandi og dætur hennar eru fæddar báðar á Íslandi þ.m.t. Anna þannig að íslenska er þeirra sameiginlega tungumál. Hún segir þó að hún reyni að tala mikið við þær á pólsku til að halda þeim við í því tungumáli. Aron kennari Önnu tekur undir þetta og segir að það geti hjálpað mikið í námi nemanda síns.

Töluð er pólska á heimili Lísu ásamt því að horft er á pólskt sjónvarp efni samhliða íslensku efni. Sigrún kennari Lísu segir í viðtali að hún reyni að para hana saman með öðrum nemendum frá Póllandi þegar unnið er í hópum. Hún hvetur hópinn til þess að lesa saman á pólsku og segir að ef þau öðlast ágætis færni þar að þá haldist það kannski í hendur við að öðlast færni í íslensku.

Þau þurfa bara svolítið góðan grunn, þannig að maður þarf svolítið... og þau þurfa lengri tíma í grunninn heldur en önnur, heldur en önnur börn sem eru bara með eitt mál, bara íslenskt móðurmál, og hérna... og ég held að það sé það sterkasta, að nýta þetta námsefni sem að fer vel í þennan grunn og þau þurfa þjálfun í að tala.

Þetta hafði hún að segja í viðtali við rannsakanda þegar kemur að íslenskunámi tvítyngdra nemenda. Hún leggur mikla áherslu á að byggja grunn þeirra nemenda svo að þeir geti byggt ofan á þann grunn og öðlast færni í íslensku. Hún bætir því einnig við að tvítyngdir nemendur eiga erfitt með að tengja við annað tungumálið, sem er íslenska í þessu tilfalli, ef þau hafa engann grunn á móðurmálinu.

#### 4.1.4 Samantekt

Starfsaldur kennaranna sem tóku þátt í rannsókninni var frá sex og upp í 18 ár. Allir áttu þeir það sameiginlegt að hafa kennt nemendum með annað móðurmál en íslensku frá því að þeir byrjuðu að kenna. Allir kennararnir eru umsjónarkennarar á því tímabili sem viðtölin voru tekin. Kennarar nemendanna eru allir með mismunandi kennsluhætti en leggja allir líka áherslu á kennsluna sína. Þeir voru þau allir sammála um að þeir vildu gera það sem tvítyngdum nemendum er fyrir bestu. Sumir kennaranna lögðu áherslu á að kenna tvítyngdum nemendum á sama hátt og eintyngdum börnum. Allir kennararnir tóku það fram í viðtölunum að þeir útvegi sjálfir námsefni sem hentar tvítyngdum nemendum. Þeir sögðu allir að skólinn hjálpaði lítið við að finna námsefni sem hentaði tvítyngdum nemendum. En þó kom fram að þroskaþjálfari eða sérkennarari hjálpuðu til við það í einstaka tilfellum. Kennararnir sóttu fæstir námskeið til að fræðast um kennslu tvítyngdra nemenda fyrir utan háskólanám og kom það fram í flestum viðtölum að bærinn eða vinnustaðurinn bjóði ekki upp á sérsniðnum námskeiðum sem fjalla um kennslu tvítyngdra nemenda.

Í viðtölum við nemendur voru flestir nemendur sammála því að talað mál væri auðveldast að læra þegar kemur að íslenskunámi þeirra fyrst þegar þau fluttu til Íslands og á skólagöngu þeirra. Það sem þeim fannst þó erfiðast var málfræði, skrifað mál og lesið. Nemendur bættu sig almennt í íslensku með því að lesa heima á íslensku, horfa á íslenskt sjónvarpsefni eða hlusta á sjónvarpið en aðallega að tala við aðra og hlusta. Nemendurnir sem tóku þátt í rannsókninni voru komin mis á veg í náminu en kennararnir tóku það allir fram að nemendurnir eru duglegir, metnaðarfullir og hafa viljann til þess að bæta við sig orðaforða og almennt bæta sig í íslenska tungumálinu og námi sínu.

Móðurmáli nemenda er í flestum tilfellum haldið við með hjálp foreldra og með hvatningu frá kennara. En þó aðallega töluðu máli, í nokkrum tilfellum lesnu máli en ekki eins mörgum og rannsakandi bjóst við eða þorði að vona. Móðurmálið er talað á flestum heimilum að einum undanskildum. Einn kennari tók það fram í viðtali við rannsakanda að hún hvetji tvítyngda nemendur sína til þess að lesa eða vinna verkefni á sínu móðurmáli á skólatíma en allir voru sammála um að hvetja foreldra til þess að leggja grunninn að

tungumálanámi barna sinna með því að styrkja þau á þeirra eigin móturmáli til þess að bæta við sig þekkingu á öðru tungumáli.

## 4.2 Viðhorf foreldra tvítyngdra barna

Í þessum kafla verður fjallað um nám foreldra í því langhlaupi að læra íslenskt tungumál sem annað mál þeirra. Farið verður yfir hvað var rætt um í viðtölum við foreldra sérstaklega og þar á meðal hvað þeim fannst erfiðast við að læra íslensku og sömuleiðis auðveldast, hversu langt þau eru komin með íslenskukunnáttu sína og hæfni til að nota íslenskuna í daglegu lífi. Foreldrar eru misfljótir að ná upp hæfni í íslensku enda finnst mörgum það erfitt tungumál að læra og mikið að leggja á minnið.

### 4.2.1 Íslenskuhæfni foreldra

Í viðtali við Þóri, föður Klöru, segir hann að eftir að hann flutti til Íslands fyrir 17 og hálfu ári hefði yfirmaður hans beðið hann að fara á námskeið á vegum vinnunnar til þess að læra íslensku en hann segist hafa lært fyrst ensku og íslensku en ekki hafa gengið vel í ensku. Hann nefnir það einnig að hann vinni með mörgum Íslendingum og segist læra mikið af því að hlusta á þá og tala. Hann segir í viðtali við rannsakanda að hann reyni að hlusta á íslenskt útvarpsefni heima við til þess að læra betur framburð og íslenskt mál en að hann eigi mjög erfitt með að lesa og skrifa en hann segir að þegar hann reyni að skrifa á íslensku skrifi hann það eins og hann segi það. Í viðtalinu þurfti Þórir að koma með dóttur sína með sér sem túlk, þar sem Klara bæði þýddi fyrir rannsakanda það sem hann sagði á pólsku og það sem rannsakandi sagði á íslensku en inn á milli svaraði hann spurningum sjálfur og reyndi eftir bestu getu að svara sjálfur á íslensku þó það væri óskýrt. Þegar spurður að því hvort hann horfi á íslenskt sjónvarpsefni eins og fréttir og slíkt svaraði hann því neitandi, að hann horfi einungis á pólskt efni í sjónvarpinu. Eins og hefur komið fram er töluð pólska á heimili fjölskyldunnar.

Þegar kemur að heimanámi barnanna þarf Klara að útskýra fyrir Þóri dæmið á pólsku sem hann útskýrir svo fyrir henni á þeirra móturmáli en þegar kemur að íslenskunámi segist hann ekki geta hjálpað henni. Þetta sagði hann vera erfiðast við að læra íslensku:

Það er allt í lagi, ég bara skil allt. Þegar ég fara í sjúkrahús eða þarna skattstofa, þetta nýtt orð og þarna þú veist, u.. hvenær ég fara kannski í sjúkrahús þá bara fyrst bara leita allt orð, bara hvað segja...

Þegar kom að því auðvelda við að læra annað tungumál segir hann það vera að heilsa, kveðja og að segja algeng orð sem hann heyrir yfir daginn og er búinn að endurtaka oft ásamt því að læra á heiti yfir tæki og það sem hann notast við í vinnunni. Að lokum segir hann að hann langar til þess að læra að tala betur og að lesa á íslensku.

Móðir Söru, Aníta segir að á þeim 11 árum sem hún hefur búið á Íslandi hafi hún lært mest af því að vinna með börnum þegar kemur að töluðu máli. Þegar hún kom fyrst til Íslands vann hún í eldhúsi á leikskóla í þrjá mánuði og færði sig svo yfir í stuðningsfulltrúastarf þar sem hún aðstoðaði börn við nám og lífið í skólanum.

Já, já en ég var að hlusta og hlusta og hlusta og segja bara eitt orð í einu og svo bara... það kom. Mér finnst það svona best að læra af krökkunum.

Hún bætti því þó við að henni þótti mjög erfitt að læra að tala íslensku. Þegar kemur að lestri og að skrifa á íslensku segist hún geta lesið en að sér finnst svolítið erfitt að skrifa en að hún skrifi eins og hún talar, s.s. í töluðu máli líkt og Þórir, faðir Klöru. Aníta segir að hún hlusti á íslenskt útvarpsefni og einstöku sinnum íslenskt sjónvarpsefni en að hún lesi helst á pólsku en sáralítið á íslensku. Töluð er eingöngu pólska heima og segir hún að öll fjölskyldan sé frá Póllandi og að þau megi ekki gleyma sínu móðurmáli.

Aníta þótti erfiðast að taka af skarið og byrja að tala íslensku og fannst henni hún aldrei geta sagt sum af þeim orðum sem hún heyrði fyrst þegar hún kom en smám saman fór hún að tala og talar í dag góða íslensku. Henni þótti auðveldast að byrja að skilja íslensku og hún gerði það með því að vera dugleg að spyrja fólk og segir að eitt orð hafi komið í einu. Eiginmaður Anítu talar ekki íslensku en hún segir hann skilja mikið.

Móðir Díönu, Amber hefur búið á Íslandi í sjö ár. Hún segir í viðtali við rannsakanda að hún sé að læra íslensku í Símenntunarmiðstöð Vesturlands. Til þess að læra betur íslensku horfir hún á íslenskt sjónvarpsefni. Fjölskyldan talar víetnömsku heima við en í starfi sínu hlustar Amber á samstarfsmenn sína tala íslensku og reynir eftir sinni bestu getu að tala sjálf við aðra.

Erfiðast finnst Amber að læra íslenska málfræði og að lesa en auðveldast að skilja íslensku og tala hana. Í viðtali við móður Díönu þurfti hún dóttur sína með sér þar sem hún túlkaði fyrir hana spurningar rannsakanda sem fóru fram í viðtalinu og sömuleiðis frá víetnömsku yfir á íslensku fyrir rannsakanda. Hún svaraði þó tveimur spurningum sjálf og skilningur var í flestum tilvikum til staðar en hún kundi ekki að orða svörin.



Foreldrar Lísu, Lilja og Jón, voru bæði viðstödd þegar viðtalið við rannsakanda fór fram. Eins og hefur komið áður fram hefur faðir hennar búið á Íslandi í 18 ár en móðir hennar í 15 ár. Þegar spurð að því hvort að þau séu að gera eitthvað til þess að læra íslensku þá svaraði Jón því að hann hafi farið á námskeið á vegum vinnunnar í eitt skipti en móðir hennar hefur farið þrisvar á námskeið til að bæta íslenskukunnáttu sína. Móðir hennar sagði að fyrst eftir að hún flutti til Íslands hafi hún unnið í mörg ár með fólki frá Póllandi en eftir að hún skipti um vinnu og fór að vinna á dvalarheimili í heimabæ þeirra fór hún að bæta við sig orðaforða og þurfti þá að tala meira bæði til þess að aðrir Íslendingar skildu hana og sömuleiðis fólkið sem hún annast.

Bæði sögðu þau að þau horfðu einungis á pólskt sjónvarpsefni en hafa ákveðið að kaupa áskrift að íslenskum sjónvarpsstöðvum einnig en ekki strax. Á heimilinu er eingöngu töluð pólska. Jón segir þó í gríni að Lilja blandi stundum íslensku við það sem hún er að segja. Jón segir að honum þyki erfitt að læra íslensku og mörg orð að læra og segist ekki kunna að skrifa og lesa en að það trufli hann að orðin eru skrifuð öðruvísi en þau eru sögð. Hann hefur þó ekki prófað að lesa íslensku en hann talar hana ágætlega og getur bjargað sér á íslensku í flestum tilfellum. Lilja segir að henni þyki erfiðast að skrifa á íslensku. Faðir Lísu bætir því við að honum þyki gott að horfa á íslenskt barnaefti því þar er auðveldari orðaforði.

Fyrst læra að telja, fyrst læra að telja af því vantar að fara í banka og svona.  
Ég fyrst læra þetta og svo tala ég í vinnunni í fiskur.

Lilja bætir því við að hún reyni að bjarga sér þegar hún þarf að kaupa lyf eða fara til læknis en að þá sé orðaforðinn flóknari.

Í viðtali við foreldra Lísu var dóttir þeirra viðstödd til þess að hjálpa til við að túlka frá pólsku yfir á íslensku en þó meira að túlka íslensku yfir á pólsku.

Móðir Önnu, Vilborg segir að til að byrja með hafi hún farið á námskeið til þess að læra íslensku eða þegar hún flutti hingað fyrir 23 árum. Vilborg er að vinna með börnum í grunnskóla sem stuðningsfulltrúi og segir að það hjálpi sér mikið að læra íslensku. Hún segir að grunnskóli sé góður vinnustaður fyrir fólk með annað móðurmál en íslensku þar sem hún þarf að tala íslensku til þess að börnin skilji hana, þar sem hún vinnur með ungum börnum á yngstu deild skólans. Einnig vegna þess að þegar hún er að vinna með börnum við lestur og nám þá lærir hún samhliða þeim. Til að byrja með fannst henni þó að hún myndi aldrei geta

sagt sum orð og sérstaklega orð með stafnum Þ í. Vilborg les þó vel og skrifar á íslensku og hefur hún verið dugleg að bæta við sig þekkingu í íslenskunámi sínu.

Hún segir að fyrir ári hafi hún lokið við nám sitt til þess að verða stuðningsfulltrúi og hefur því þurft að reyna á það að skrifa mikið og lesa á íslensku. Hún segir að á heimili þeirra horfi þau einungis á íslenskt sjónvarpsefni enda sé það sameiginlegt tungumál á þeirra heimili. Hún les heima á íslensku, ekki endilega bækur en Fréttablaðið og fréttamiðla í tölvunni. Henni þykir ennþá erfitt að segja löng og erfið orð á íslensku og segir þetta í viðtali við rannsakanda:

Mér fannst ekki erfiðast að lesa, en fyrst þá fannst mér erfiðast að tala, ég held að það sé tala. Þú veist að brjóta þennan vegg og byrja þú veist að segja allskonar löng... eins og hnefaleikar eða starfsendurhæfingarsjóður, þú veist það eru bara svo löng orð.

Vilborg segir að hjá henni kom skilningurinn fyrst og þykir henni því auðveldast að skilja tungumálið.

Ekki er hægt að greina frá foreldrum Daníels í þessum kafla þar sem að móðir hans er fædd og uppalin á Íslandi en faðir hans þýskur og talar eingöngu þýsku en viðtalið var tekið við móður Daníels þar sem faðir hans var ekki viðstaddur.

#### **4.2.2 Viðhorf foreldra til íslenskunám**

Faðir Klöru segir að hann langi til þess að bæta sig á ákveðnum sviðum þegar það kemur að hans íslenskunámi og eitt af því sé að tala betur og læra að lesa á íslensku. Almennt sýndist hann jákvæður gagnvart íslenska tungumálið og nám barna sinna. Klara nefndi það ekki sérstaklega að foreldrar hennar aðstoði hana við íslenskunám heima fyrir og ástæðan sé einfaldlega sú að hún kann meira í íslensku en foreldrar hennar, en samt sem áður styðja þau hana í námi hennar, mæta í foreldraviðtöl og reyna sitt besta við að aðstoða hana við það sem hún á erfitt með.

Kennari Klöru segir það að erlendir foreldrar geri oft ekki það sem kennarinn ráðleggur þeim að gera og að það skemmi svolítið fyrir þeim, að þau geti ekki tekið ráðleggingum kennara. Hún talar mikið um foreldra almennt sem eiga tvítyngd börn og eiga að vera að stuðla að góðum árangri í íslenskunámi barna sinna en ekki einungis foreldra Klöru.

Þetta er ekki spurning um að við erum alltaf að segja þeim þetta, þau gera það ekki, þau gera ekkert af þessu sem við erum að segja þeim að gera. Eins og til dæmis bara einfalt eins og að horfa á íslenskt sjónvarp, fréttabætti til dæmis og hlust, ég tala nú ekki um að hlusta og hafa texta af því það er hægt að hafa texta... en þau gera það ekki. Svo spyr maður þau í næsta foreldraviðtali hvort að þau séu að gera það sem ég ráðlegg þeim og þau svara bara nei... þau fatta ekki, en ég veit að þau læra af því...

Iðunn tekur það þó sérstaklega fram að foreldrar Klöru styðji vel við hana í náminu og séu andstæða þeirra foreldra sem hún hefur haft, þ.e. að þau standi sig vel og telur hún það segja mikið um hvar Klara standi í námi sínu og árangur hennar í íslenskunáminu.

Díana segir í viðtali við rannsakanda að hún fái ekki aðstoða frá foreldrum við íslenskunám sitt en þau gera sitt besta við að hjálpa henni við önnur fög, þá sérstaklega náttúrufræði og stærðfræði. Líkt og tilfelli Klöru þá er ástæðan fyrir því að kunnátta Díönu í íslensku sé mun betri en kunnátta foreldra hennar. Hún tekur það þó fram að foreldrar hennar reyni að hjálpa henni við flestallt og styðji við bakið á henni í námi hennar.

Í viðtali við móður Díönu segir hún að hún sé að læra íslensku en eins og hefur komið fram þurfti að hafa túlk í viðtalið við rannsakanda og átti hún erfitt með að svara spurningum á íslensku og sömuleiðis að skilja það sem spurt var. Spurð að því hver hennar ósk væri að hjálpa dóttur sinni í íslensku svaraði hún því að hún vissi það ekki, en hún vill að Díana mennti sig mikið og vill hún hjálpa henni að komast upp í menntaskóla og þaðan upp í háskóla en nefndi það ekkert frekar hvernig hún ætlaði sér það.

Kennari Díönu er sammála því sem Díana segir um foreldra sína. Hún segir að þau séu dugleg að hjálpa henni og viðhorf þeirra sé gott gagnvart íslenskunni en að þau búi þó hvorugt yfir góðu talmáli né góðum skilning á íslensku. Hún telur að á því sviði gætu þau bætt sig og að það segi mikið til um það hvernig Díana stendur sig í skóla. Hún bætir því við að það hjálpi henni mest hvað hún vill sjálf bæta sig og er dugleg stúlka. Helena segir að foreldrar hennar þurfi túlk í foreldraviðtölum. Hún segir einnig að almennt átti foreldrar sig ekki endilega á því hversu mikil áhrif viðhorf þeirra hefur á íslenskunám barna þeirra og segir á sama tíma að það ætti að skila miklum árangri.

Já, þú veist ef þetta fólk myndi hjálpa þá myndi það skila rosalegum árangri en þú veist, allir sem að ég er búin að vera með, allir nemendur sem ég er

búin að vera með, þú veist er ekkert að hjálpa af því að þau eru ekkert sjálf að læra íslensku.

Sara segir að hún fái ekki mikla aðstoð frá foreldrum sínum við íslenskunám og bætir hún því við að það sé meira hún sem hjálpar þeim heldur en þau henni. Hún segir þó að foreldrar hennar séu duglegir að hjálpa henni við heimanám almennt í skólanum en það er ef hún þýðir verkefni yfir á pólsku fyrst þá geta foreldrar hennar útskýrt fyrir henni á pólsku.

Í viðtali við móður Söru segir hún að Sara þurfi litla aðstoð við heimanám þar sem hún er sjálf dugleg að bjarga sér. Af viðtalinu að dæma er móðir hennar með gott talað mál á íslensku og sömuleiðis skilning, hún hefur lagt hart að sér til þess að læra íslensku og telur rannsakandi að viðhorf hennar hafi hjálpað Söru mikið í náminu.

Heiðrún, kennari Söru, segir að faðir Söru tali samt sem áður litla íslensku og tekur hann því lítinn þátt í námi hennar. Í foreldraviðtölum skiptast þær mæðgur á að túlka fyrir hann þegar hann skilur ekki og það sem hann segir við kennara. Hann talar aðeins íslensku og skilur aðeins en er ekki eins öruggur og móðir Söru. Hún segir að foreldrar geti lært íslensku fyrst og fremst til að geta hjálpað börnum sínum í náminu við íslenskan skóla til þess að stuðla að betri árangri þeirra ásamt því að reyna eftir sinni bestu getu að skapa umhverfi þar sem verið er að nota íslenskuna.

Já, en þetta er bara svo mikið, þetta fer svo fram í samskiptunum, þú lærir tungumálið með því að nota það en ef það er ekkert notað heima og þú heyrir ekkert íslensku svo kemurðu í skólann og það er bara allt annar heimur. Svo ertu bara á milli heima, svona einhvern veginn. Þannig að það er í rauninni bara að stuðla að því að það er, að barnið fái einhverja... fái...heyri íslenskuna.

Lísa segir í viðtali við rannsakanda að hún fái stundum aðstoð frá foreldrum til að læra íslensku en þá aðallega stuðning en að þau aðstoði sig við annað heimanám og að þau reyni að hjálpa sér eftir sinni bestu getu.

Viðhorf foreldra Lísu er almennt gott og þau segja að þegar þau fluttu til Íslands vildu þau læra íslensku sjálf og sóttu því bæði námskeið. Faðir Lísu segir hins vegar að hann kunni ekki að lesa á íslensku og upp úr þessu hefur hann ekki haft áhuga fyrir því eða með hans

orðum nennir hann því ekki og að honum finnist gott að tala bara við fólk. Móðir hennar segist bæta við sig orðaforða daglega og reyna þau eins og þau geta að bjarga sér á íslensku.

Í viðtali við Sigrúnu, kennara Lísu, segir hún að foreldrarnir tali góða íslensku en hafi samt ekki mikla færni. Hún segir einnig að þau vilji ekki túlkaviðtal þegar þau komi til hennar í foreldraviðtöl og tala eingöngu íslensku í þeim viðtölum en aðeins er töluð pólska á heimilinu.

Uuu foreldrarnir tala góða íslensku en samt alveg, það er greinilegt að það er ekki þú veist, hafa, þú veist ótrúleg færni að mínu mati, ótrúleg. Þau flytja hérna fyrir einhverjum 14 árum hingað og íslenskan... þau voru held ég bara, þau bjuggu í litlu samfélagi þú þú veist, og þau bara komu hérna til þess að vera hérna og þau bara... og þau tala flotta íslensku.

Sigrún segir að foreldrar Lísu séu alltaf tilbúnir til þess að hjálpa henni við námið og til dæmis nefndi hún að þau hvöttu hana til þess að fara á svokallað námsver, sem eru vinnuhópar sem fá aðeins meiri aðstoð utan bekkjarins og aukinn stuðning. Hún hefur þó velt því fyrir sér hvað veldur því að hún sé ekki búin að ná betri tókum á tungumálinu miðað við það að hún sé búin að búa á Íslandi síðan hún fæddist. Hún bætir því þó við að foreldrar Lísu standi sig vel, að þau hafi væntingar til námsins og þau séu alltaf reiðubúin til þess að koma til móts við hana og vilji að Lísa nái góðum árangri í námi sínu. Sigrún segist vera mjög ánægð með viðhorf og þátttöku foreldra Lísu. Þetta sagði hún í viðtali við rannsakanda:

Þetta eru flottir foreldrar, þau eru... hvað á maður að segja, vinnusamir gagnvart henni, þau hafa væntingar, þú veist og þau eru reiðubúin til þess að komast til móts við hana, þau eru reiðubúin til þess að gera allt sem hún á að ná fram. Þetta eru alveg svona, eðal að mínu mati. Ég hitti þau til dæmis um daginn bara úti í apóteki og við bara spjölluðum í kannski hálf tíma og þú veist, það var bara frábært. Það segir manni líka bara svolítið mikið um það... og líka bara hvaða kröfur þau höfðu til mín, sem komu sterkt fram í foreldraviðtalinu, sem að ég var alveg bara jess.. þarna eru foreldrar sem hafa metnað fyrir barnið sitt, gera allt sem að hún fái sem mest, sem mér finnst alveg meiriháttar og sagði mér mikið um foreldrana.

Sigrún bætir því við að foreldrar Lísu séu í góðum farvegi, þau viðhalda móðurmáli hennar heima sem gerir það að verkum að hún fái þessa tengingu við íslenska málið. Hún tekur það sterkt fram að hennar væntingar til foreldra Lísu séu einmitt það að viðhalda móðurmáli hennar.

Daníel segir í viðtali að foreldrar hans hjálpi honum þegar hann þurfi aðstoð við heimanám og það sem honum þykir erfitt við íslenskuna en að hann geri mestalla heimavinnu sína sjálfur og að hann þurfi ekki mikla hjálp.

Móðir hans segir sömuleiðis að hún þurfi lítið að hjálpa honum við heimanám, að hann sé almennt góður námsmaður og vilji ekki mikla hjálp.

Hann finnst við útskýra meira en hann nennir að hlusta á (hlær), en það eru allar dyr opnar þegar eitthvað reynir á hjá honum. En jú, nú er ég að rugla, sérstaklega þegar hann er að skrifa einhverja texta á íslensku þá hef ég verið að fara yfir það með honum. Af því að hann hefur náttúrulega þurft að ... vinna það upp.

Hún segir Daníel vera mjög sjálfstæðan og að þau fái bara þau skilaboð að hann vinni alla sína vinnu í skólanum eins og er og þurfi ekki mikla hjálp heima við.

Arna kennari Daníels segir að foreldrar hans ætlist til að hann nýti hæfileika sína og viðhorf og hvert hann ætlar. Hún segir það líka skipta máli að foreldrar tali við börn sín um lífið og tilveruna. Arna telur að helsti þáttur foreldra í íslenskunámi barna sinna sé að tala mikið við þau, halda lestri að þeim og bætir því við að það sé mjög mikill þáttur í námi barns. Hún segir að málumhverfi barnsins skipti miklu máli fyrir tvítýngda nemendur. Hún segir einnig að foreldrar Daníels geri miklar kröfur til náms barna sinna og að þau séu dugleg að styðja þau og taka þátt í námi þeirra.

Hann náttúrulega kemur frá heimili sem haldið er mjög vel utan um hlutina, utan um menntunina og hann er náttúrulega svona, hann er náttúrulega svona, algjörlega... ég veit ekki hversu mikið þú gast talað við hann en hann er alveg ofsalega klár og alveg svona fluggreindur sko. Þannig að hann endurspeglar ekki þennan almenna tvítýngda nemenda.

Anna segir að móðir hennar vilji tala meira við hana á móðurmáli þeirra, þ.e. pólsku því hún vill að hún læri meira að tala pólsku en eins og er tala þær einungis saman á íslensku, því eins og hefur komið fram þá fæddist Anna á Íslandi og er íslenska hennar móðurmál en pólska annað mál. Anna segir að hún fái alltaf aðstoð frá foreldrum sínum við heimanám og íslenskunám.

Vilborg móðir Önnu segir að hún aðstoði barn sitt við heimanám og að hún bæti við sinn orðaforða með tímanum sem líður og að hún vilji alltaf bæta sig og það sama á við um nám dóttur sinnar. Viðhorf hennar er gott gagnvart íslenska tungumálinu. Hún bætir því við að núna þegar Anna byrjaði í unglingsdeild hafi orðaforðinn orðið flóknari.

Þetta bara... guð hvað stendur þarna, ég hef aldrei heyrt svona áður en við bara rúllum þessu, við bara lesum saman og við bara reyna að finna svörin sem er ekki auðvelt og bara.. þetta translate og bara „hvað þýðir“ á netinu og svona...

Kennari Önnu, Aron, segir að það skipti miklu máli að taka þátt í námi barna sinna og að foreldrar tvítyngdra barna þurfi að styðja börn sín í íslenskunáminu eins og öðru námi. Hann bætir því einnig við að þátttaka foreldra allra nemenda fari minnkandi, hvort sem þau eru tvítyngd eða eintyngd. Hann segir að það styðji Önnu mikið að móðir hennar tali góða íslensku og að hún vilji fylgja henni eftir í náminu.

Það er náttúrulega bara kannski að... náttúrulega að fylgja börnum eftir í náminu og reyna að setja sig eins vel inn í það og hægt er, sumum reynist það misjafnlega erfitt. Ég held að það skipti rosalega miklu máli, sá... sú ákvörðun að það eigi að læra tungumálið. Ég hef verið með svo marga nemendur hérna.. sem hafa verið frábær í tungumálinu, af því að foreldrarnir hafa tekið ákvörðun um það að þau eigi að taka þátt í tungumálinu.. það skiptir svo ofboðslega miklu máli.

Aron segir að fyrst og fremst leggi hann áherslu á það að foreldrar styðji og tryggi að börnin þeirra lesi, að lestur sé númer eitt, tvö og þrjú. Hann sér það á börnum hvort það sé stuðningur til staðar, hann bætir því við að hann viti hvað nemendur geta og sér árangur út frá stuðningi frá foreldrum og heiman að frá.

Já, það er einmitt það sem verið er að stuðla að, eins og að nýta sér hljóðbækur það mikið, en þau eru bara löt við það. En þar kemur líka inn þáttur foreldra, ef þau eru grimm að svólítið ýta á þau og tryggja, láta þau setjast niður, láta þau lesa, það skilar árangri, ég sé það.

Hann segir að foreldrar þurfi að vera duglegir að hvetja nemendur til að nýta sér það sem gæti hjálpað sér að gera námið auðveldara, ástæðan fyrir því er að nemendur átta sig ekki alltaf á því eða hafi ekki viljann til þess að nýta sér slíka hjálp.

### **4.2.3 Samantekt**

Almennt eru foreldra þeirra nemenda sem tóku þátt í rannsókninni með gott viðhorf gagnvart íslensku og vilja læra hana. Flestir þeirra fóru á einhvers konar námskeið til þess að læra íslensku fyrst þegar þau komu en segjast þau samt flest læra af því að hlusta á aðra tala eða spyrja frekar út í það sem þau eiga erfitt með að skilja. Sumir þeirra foreldra sögðu frá því að vegna vinnu hafi þau þurft að taka af skarið og byrja að tala íslensku eins og þau gátu best vegna þess að þau störfuðu með börnum eða öldruðum og hefur sú reynsla hjálpað þeim mikið með talað mál í íslensku.

Af viðtölunum við foreldra og kennara að dæma þá er íslenskukunnátta flestra foreldranna ágæt þegar kemur að því að tala hana og bjarga sér í daglegu lífi á íslensku. Helmingurinn þurfti þó á aðstoð túlks að halda í viðtalinu.



## 5 Umræða

Markmið rannsóknarinnar var að fá innsýn inn í áhrif foreldra á íslenskukennslu tvítyngdra nemenda og þeirra viðhorf, viðhorf og reynslu umsjónarkennara tvítyngdra nemenda og sömuleiðis nemenda sjálfra. Tekin voru hálfopin einstaklingsviðtöl við sex nemendur í unglingsdeild í tveimur grunnskólum á Vesturlandi, kennara þeirra og annað foreldrið eða bæði. Í umræðukafla verður gert grein fyrir niðurstöðum rannsóknarinnar í tengslum við fræðilega umfjöllun hennar.

### 5.1 Kennsla tvítyngdra

Kennararnir sem tekin voru viðtöl við og tóku þátt í þessari rannsókn hafa starfað sem kennarar frá sex árum upp í 18 ár og allir höfðu starfað sem kennari tvítyngdra nemenda alveg frá upphafi starfsins. Áhugavert var að sjá hversu mikið þau áttu sameiginlegt og einnig hvað var ólíkt í áherslu í kennslu tvítyngdra nemenda.

Hulda Karen Daníelsdóttir, Ari Klængur Jónsson og Hilma Hólmfríður Sigurðardóttir (2010) gerðu rannsókn sem fjallaði um upplifun fagfólks skóla á öllu Íslandi sem störfuðu við kennslu nemenda með annað móðurmál en íslensku í grunnskólum landsins. 122 grunnskólar tóku þátt í könnuninni. Í rannsókninni kom í ljós að um helmingur skólanna sóttu sér aðstoð þegar kemur að móttöku nemenda. Sjaldnar höfðu skólarnir fengið aðstoð vegna náms og kennslu í íslensku sem og öðru tungumáli en 46% sögðu sinn skóla aldrei hafa fengið slíka aðstoð og tæp 3% höfðu oft fengið hana. Í rannsókninni kom einnig fram að svarendur voru beðnir um að meta hversu mikla eða litla þörf skólinn hefur fyrir ýmiss konar þjálfun eða fræðslu. Þrjú af hverjum fjórum töldu sinn skóla hafa frekar eða mjög mikla þörf fyrir þjálfun eða fræðslu um nám og kennslu nemenda með íslensku sem annað tungumál. Tæpur fjórðungur eða 24,2 % þeirra skóla taldi þörfina frekar litla eða enga (Hulda Karen Daníelsdóttir, Ari Klængur Jónsson og Hilma Hólmfríður Sigurðardóttir, 2010).

Það sama má í rauninni segja um þá kennara sem tóku þátt í þessari rannsókn en kennarar svöruðu fimm af sex í viðtali að þeir hefðu aldrei sótt námskeið til þess að fræðast sérstaklega um kennslu tvítyngdra nemenda eftir útskrift úr háskóla. En segja þau öll að þau hafi lært mikið af reynslunni og segir ein að hún hafi fengið mikla hjálp frá sérkennara, þroskaþjálfra og leiðbeinanda í upphafi starfs síns. Hinir kennararnir segja að þeir læri af hverjum nemenda sem þeir fá og með árunum sem þeir kenna og taka einnig fram að það fari eftir nemandanum hversu mikla aðstoð þau í rauninni þurfa.

Hins vegar svöruðu kennararnir að skólarnir hafi hreinlega ekki boðið upp á námskeið til þess að fræða um kennslu tvítyngdra nemenda og það sama mátti segja um

bæjarfélagið. Annars vegar svöruðu þau því að þau hefðu sjálf ekki sóst mikið eftir því að sækja slík námskeið.

Gargiulo og Metcalf (2008) segja að kennari sem gerir ráð fyrir að nemendur séu ólíkir hefur það í huga þegar hann skipuleggur kennslu sína. Stundum gengur hann lengra og sníður kennsluna að einstaka nemendum en ef mismunandi leiðir eru í boði, byggðar á þekkingu kennarans á þörfum nemenda, eru meiri líkur á að þær henti öllum hópnum. Kennari sem skipuleggur fjölbreytt námsumhverfi strax í upphafi, umhverfi sem gefur nemendum tækifæri til að læra á mismunandi hátt, nær yfirleitt meiri árangri en sá sem reynir að aðlaga það síðar (Gargiulo og Metcalf, 2008).

Í viðtölum kom fram að þegar kemur að kennsu tvítyngdra nemenda og hvernig kennurum þykir best komið að henni, þá svöruðu kennarar því að þau kenndu þeim á sama hátt og eintyngdum nemendum eða reyndu að hafa námsefni sem næst því sem restin af bekknum væri með. Kom fram að sumir kennaranna notist við námsefni fyrir yngri stig grunnskóla, öll lögðu þau áherslu á að nemandinn fengi að heyra mikla íslensku í skólanum og tala þau mikið íslensku við nemendur sína og útskýra þá fyrir þeim það sem þau eiga erfitt með að skilja. Þetta getur að miklu leyti samræmst því sem Gargiulo og Metcalf nefna hér að ofan þar sem kennarar reyna að aðlaga kennslu sína að öllum hópnum og reyni að hafa kennslu tvítyngdra nemenda sem líkastri kennslu eintyngdra en á sama tíma reyna þau öll að koma til móts við þarfir þeirra nemenda. Þetta kom rannsakanda því ekki á óvart og er í samræmi við það sem kennararnir segja um kennslu tvítyngdra nemenda í grunnskóla.

Allir kennararnir sem tóku þátt í rannsókninni sögðust sjálfir finna námsefni fyrir nemendur sína sem hafa íslensku sem annað mál og nefndu þeir það öll vera sjálfsgæða vinnu en ein sagði þó að hún myndi vilja fá meiri aðstoð frá sérkennara með að velja námsefni fyrir sinn nemanda.

Kennararnir voru allir sammála um það að hvetja ætti foreldra til þess að viðhalda móðurmáli barnana til þess að tengja hana við íslenskuna og hafa þá sitt móðurmál í grunninn í íslenskunáminu. Eins og fjallað er um í fræðilegri umfjöllun ritgerðarinnar skiptir móðurmál nemenda miklu máli þegar kemur að námi annars tungumáls. Í Aðalnámskrá grunnskóla (2013) kemur sérstaklega fram að mikilvægt sé í öllum tilvikum að hvetja foreldra til að styðja við íslenskunám barna sinna og jafnframt rækta og þróa eigið móðurmál til að stuðla að virku tvítyngi allra nemenda með annað móðurmál en íslensku (Aðalnámskrá grunnskóla, 2013, bls. 106). Í Rannsókn Sigríðar Ólafsdóttur o.fl. (2016) kom meðal annars í ljós að því fleiri kennslustundir sem nemendur með annað móðurmál en íslensku hafði fengið í móðurmáli sínu þeim mun hraðari voru framfarir þeirra á orðaforða- og lesskilningsprófum sem ætluð eru yngri börnum. Þetta má tengja við eina af niðurstöðum

rannsóknarinnar en einn af þeim kennurum lagði meiri áherslu á móðurmálskennslu en hinir kennararnir og sagði að það væri í rauninni eitt helsta hlutverk foreldra þeirra nemenda.

Enginn af þeim kennurum sagði að móðurmálskennsla væri í boði í þeim skólum sem þau störfuðu við en nefndu þó að það myndi henta vel og væri jafnvel bráðnauðsynlegt fyrir suma nemendur og þá sérstaklega þá sem eiga erfitt með að læra íslensku sem annað mál. Kennarar geta beitt kennsluaðferðum sem ýta undir að tvítyngdir nemendur nýti móðurmál sitt sem tæki til náms og gera þeim grein fyrir kostum tvítyngis (Cummins, Mirza og Stille, 2012). Flestir kennarar sem tóku þátt í þessari rannsókn hvetja nemendur til þess að lesa á móðurmáli sínu bæði á skólatíma og heima við en þeir telja það allir að það sé hlutverk foreldra að viðhalda móðurmáli þeirra.

Áhugavert var að heyra að einn kennarinn af þeim sex sem tekin voru viðtöl við lagði mikla áherslu á stuðning og hvatningu í kennslu sinni. Eflaust telja allir kennarar stuðning og hvatningu mikilvægt tól í kennslu en þessi ákveðni kennari að þetta sé það mikilvægasta sem hún getur gert til þess að hjálpa nemanda sínum við íslenskunámið, restin væri undir nemandanum komið og foreldrum hans. Hún vill meina að hennar hlutverk sé að telja þeim trú um að þau geti allt sem þau ætla sér og að annað tungumálið þeirra sé þeirra fjársjóður í náminu. Gaman var að heyra talað um þetta á eins jákvæðan hátt og hún segir frá og að fá þessa sýn á íslenskunám tvítyngdra nemenda en hún nefnir einnig að íslenskan sé ekki endilega eitthvað sem á að há þeim í náminu heldur að þau hafi þetta auka tungumál sem þau eiga sér og að það sé gott mál. Ekki hef ég enn fundið íslenska rannsókn um þessa ákveðnu nálgun sem tengir þessa tvo hluti saman en gaman væri að lesa sér til um það.

Eins og áður hefur komið fram segja kennarar að það fari eftir baklandi nemenda þeirra hvernig árangur þeirra er. Þau eru öll sammála um það að foreldrar hafi mikil áhrif á íslenskunám nemenda sinna og segir einn sjá mun á þeim nemendum sem eigi sterkt bakland og þeim sem fá lítinn sem engan stuðning heiman frá. Flestir kennaranna segja að foreldrar þeirra nemenda sem ég tók viðtöl við hafi gott bakland og að nemendurnir fái stuðning í námi sínu þó svo að foreldrar þeirra kunni illa að tala íslensku eða skilja lítið. Einnig taka þau það flest fram að þau gætu séð betri árangur hjá nemendum ef að foreldrar þeirra hefðu betri hæfni í íslensku og til þess að hjálpa nemendum sínum þyrftu foreldrarnir sjálfir að bæta kunnáttu sína í tungumálinu. Hvort sem það er að tala það, skrifa eða lesa sjálf.

Rannsakandi telur sjálfur að samstarf heimilis og skóla hafi mikil áhrif á nám allra barna á grunnskólagöngu og þá sérstaklega tvítyngdra barna sem eiga jafnvel erfitt með nám eða þurfa á aðstoð og auknum stuðningi að halda. Kennarar voru allir sammála um að nám tvítyngdra bara væri samstarfsverkefni foreldra og þeirra sem kennara ásamt því að

sýna nemendum það að þau væru fær í að læra annað tungumál. Eins og kemur fram í Aðalnámskrá grunnskóla (2013) getur samband heimilis haft áhrif á máluppeldi barnsins og samband heimilis og skóla að foreldrar, hvort sem foreldrar hafa sama móðurmál og barnið eða annað móðurmál. Segir einnig að þetta skipti máli við máltöku nýs máls ásamt stöðu þessara barna í námi, menningarlegan mismun og menntun foreldra. Mikilvægt er í öllum tilvikum að hvetja foreldra til að styðja við íslenskunám barna sinna með annað móðurmál en íslensku (Aðalnámskrá grunnskóla, 2013, bls. 106).

## 5.2 Íslenskunám tvítyngdra nemenda

Þeir nemendur sem rannsakandi tók viðtöl við og tóku þátt í rannsókninni hafa verið búsett á Íslandi allt sitt líf og eru því fædd og uppalin á Íslandi og sá nemandi sem hefur búið styðst á hér á landi í rúm sex ár. Þeir sem fæddust ekki hér á landi fluttu til Íslands ásamt fjölskyldu sinni og eiga því sama móðurmál og foreldrar þeirra.

Á flestum heimilum nemendanna er eingöngu talað móðurmál nemendanna. Það kom fram í viðtölum við bæði nemendur og kennara að fæstir foreldrar væru sérstaklega að viðhalda móðurmáli barna sinna á annan hátt en að tala tungumálið heima við. Eins og Gay (2000) hélt fram þá yfirfærast þekking og hæfni barnsins á annað tungumálið frá móðurmálinu. Í öðrum orðum að nemendur byggja þekkingu annars tungumáls sem þau tala í skólanum eða utan heimilis ofan á móðurmálið sem þau tala ymist á heimilinu með fjölskyldu sinni. En rannsakandi telur að foreldrar hafi ekki þekkingu á hversu mikil áhrif það hefur á annað nám, að viðhalda móðurmálinu markvisst heima fyrir.

Nemendur hafa náð misjöfnum árangri í íslenskunámi sínu eins og gengur og gerist, börn eru mismikil að ná tökum á öðru tungumáli og fer það mikið eftir því hversu góðum tökum þau hafa náð á móðurmáli sínu. Erfiðast fannst flestum nemendum að lesa og skrifa á íslensku en auðveldast að tala og skilja. Með því að skilja íslenskuna betur sögðust þau flest hlusta á aðra tala og vera dugleg að spyrja aðra ef þau eiga erfitt með að skilja eitthvað.

Allir nemendur sem tóku þátt í rannsókninni eru duglegir og metnaðarfullir námsmenn og leggja hart að sér að bæta sig í íslenskunámi sínu og segja bæði foreldrar og kennarar þeirra að það er það sem hefur einna mest haft áhrif á hversu miklum árangri þau hafa náð í íslenskunni. Öll eiga þau það sameiginlegt að hafa gott og sterkt viðhorf gagnvart tungumálinu og vilja til þess að læra það eins vel og þau mögulega geta. Þó svo að þau eigi flest erfitt með alla hluta námsins, þá helst stafsetningu, málfræði, beygingu og fleira þá hafa þau öll sem eitt metnað fyrir námi sínu.

### 5.3 Íslenskuhæfni og viðhorf foreldra tvítyngdra barna

Foreldrar þeirra nemenda sem tóku þátt í rannsókninni hafa búið á Íslandi frá rúmum sex árum upp í 23 ár. Þau hafa öll misgóða færni í að tala tungumálið en flest þeirra geta bjargað sér í daglegu lífi.

Af viðtölunum að dæma þá er viðhorf flestra foreldra sem tóku þátt í rannsókninni, börnum þeirra og umsjónarkennurum frekar gott gagnvart sínu eigin íslenskunámi og sömuleiðis námi barna sinna. Öll eiga þau það sameiginlegt að vilja barninu sínu fyrir bestu og vilja að þeim gangi vel í náminu. Einnig segjast þau öll hvetja börnin sín í íslenskunáminu og styðja við bakið á þeim ef eitthvað bjátar á en flest þeirra hafa ekki góða færni í íslensku sjálf.

Allir foreldrar sögðust hafa sótt námskeið fyrst þegar þau fluttu til Íslands til þess að læra íslensku en það var þó misjafnt hversu oft eða hversu takmarkað þau fóru til þess að ná ágætum árangri í tungumálinu. Flestir foreldrarnir töluðu ágæta íslensku en helmingur þeirra foreldra sem ég tók viðtal við, eða þrír af sex, þurfti að hafa börnin með sér í viðtalið til þess að túlka svör þeirra og sömuleiðis spurningar mínar yfir á þeirra tungumál. Í sumum tilfellum var ég sjálf gáttuð á því að sumir foreldrar þyrftu enn túlkaviðtöl miðað við það hversu lengi þau hefðu haft búsetu á Íslandi. Sömuleiðis sögðu kennarar þeirra nemenda að þessir foreldrar þyrftu einnig túlk með sér í foreldraviðtöl.

Ýmist þótti foreldrum erfiðast að skrifa og lesa á íslensku og gerðu fæstir eitthvað í því að læra að lesa en tveir foreldrar sögðust þó kunna að lesa og skrifa á íslensku. Öll voru þau þó sammála um að auðveldast væri að byrja að tala hana og skilja og að það hafi komið fyrst. Til þess að tala og skilja hlustuðu þau á annað fólk tala og sumir þeirra foreldra sem tóku þátt í rannsókninni neyddust jafnvel til þess að taka af skarið og byrja að tala íslensku vegna starfsins síns. Fæst sögðust þau geta hjálpað börnum sínum við íslenskunám þeirra sökum skorts á kunnáttu í tungumálinu en hvatning og stuðningur væri það sem þau gætu helst lagt áherslu á hvað varðar þeirra þátt í íslenskunámi barna sinna.

Ekki hef ég enn rekist á íslenska rannsókn um íslenskunám foreldra tvítyngdra barna og hvað getur stuðlað að betri árangri fullorðinna einstaklinga sem flytja til Íslands á seinni árum.

## 5.4 Svör við rannsóknarspurningu

Rannsóknarspurningin sem reynt var að svara í þessari rannsókn er: Hvernig er íslenskunám tvítyngdra nemenda á unglingastigi í grunnskóla háttað? Hvaða hlutverki gegna foreldrar í námi barna sinna?

Viðmælendurnir eru tvítyngdir nemendur í unglingadeild í tveimur grunnskólum í sveitarfélagi á Vesturlandi, foreldrar þeirra sem eru með annað móðurmál en íslensku og að lokum umsjónarkennarar nemendanna. Skilyrði fyrir þátttöku var að nemendurnir hefðu búið á Íslandi í nokkurn tíma, eða í lengur en fimm ár samfleytt, það sama gildir um foreldrana. Kennararnir hafa allir mikla reynslu af kennslu tvítyngdra barna og höfðu þau þar með mikið til málanna að leggja.

Í viðtölum við umsjónarkennara kom fram að þeir voru allir sammála um það að foreldrar hafi mikil áhrif á íslenskunám tvítyngdra barna en segja þau einnig að það skipti miklu máli hvernig viðhorf nemandinn hafi gagnvart námi sínu. Öll hafa þau kennt nemendum sem eiga lítið bakland og einnig öðrum sem hafa sterkan og góðan stuðning frá foreldrum og nefna þau flest að þau sjái mikinn mun á þeim nemendum sem fá góðan stuðning og þeim sem fá lítinn sem engan. Einn kennari nefndi að nemandi hennar sé duglegur og metnaðarfullur námsmaður en að það vanti mikið upp á færni í íslensku hans miðað við það hversu lengi nemandinn hefur búið á Íslandi. Það sama má segja um foreldra nemandans og segir kennarinn í viðtali við rannsakanda að hún telji að nemandi hennar gæti náð lengra í íslenskunáminu ef að foreldrar hennar hefðu meiri hæfni og kunnáttu í tungumálinu.

Allir sex nemendur sem tóku þátt í rannsókninni, eru duglegir í námi sínu og hafa viljann og viðhorfið til þess að ná góðum árangri í íslenskunáminu. Ástæðuna telja kennarar þessara nemenda vera hluta af uppeldi þessara nemenda og viðhorfi foreldra þeirra en sumir segja einnig að íslenskuhæfni foreldra geri þeim námið erfiðara þar sem þau fá litla hjálp á því sviði heima við.

## 6 Lokaorð

Vinnan við þessa rannsókn hefur mér sem rannsakanda þótt áhugaverð og lærdómsrík. Ég hef lengi haft áhuga á kennslu tvítýngdra nemenda í grunnskóla og á hvaða hátt er þarft að hugsa út í þegar kemur að skipulagi hennar. Þegar ég ákvað að velja íslensku sem kjörsvið í námi mínu í grunnskólakennslu þá var mér ofarlega í huga kennsla íslensku sem annað mál. Ásamt því hvað kennarar þurfa að hafa í huga við tilhögun hennar ásamt því hvað skilar góðum árangri. Með árunum sem liðu og námskeiðunum sem ég sótti fór ég að líta á almennt nám nemenda í grunnskóla sem samstarf foreldra og kennara og aldrei hafði mér dottið í hug hversu mikilvægt það er.

Niðurstöður rannsóknarinnar hafa vakið margar spurningar en á sama tíma svarað mörgum þeim spurningum við vinnu mína á verkefninu og áhugavert væri að gera áframhaldandi rannsókn á viðfangsefninu. Til dæmis borið saman árangur þeirra nemenda sem hafa gott bakland og stuðning frá foreldrum og þeim sem hafa það ekki til staðar í námi sínu. Verkefnið hefur aukið skilning og áhuga mín á kennslu tvítýngdra nemenda og hvað fylgir því að vera kennari fjölbreytilegra nemendahópa. Sú þekking sem ég hef aflað mér við vinnu þessarar rannsóknar mun ég nýta mér í starfi mínu á sviði menntamála og vona ég að niðurstöður rannsóknarinnar geti einnig komið öðrum kennurum, foreldrum eða verðandi kennurum að gangi ásamt þeim sem hafa áhuga á þessu efni.





## Heimildir

Aðalnámskrá grunnskóla 2011: Almennur hluti 2011: Greinasvið 2013/2013.

Anna Lilja Sævarsdóttir, Anna Elísa Hreiðarsdóttir og Hermína Gunnþórsdóttir. (2013).

Foreldrasamstarf og fjölmennning – Samskipti deildarstjóra í leikskóla við erlenda foreldra sem ekki tala íslensku. *Netla – Veftímarit um uppeldi og menntun*. Sótt af <http://netla.hi.is/greinar/2013/ryn/016.pdf>

Baker, C. og Jones, S.P. (1998). *Encyclopedia of bilingualism and bilingual education*. Clevedon: Multilingual Matters.

Baker, C. (2000). *A parents' and teachers' guide to bilingualism*. Clevedon: Multilingual Matters Ltd.

Baker, C. (2001). *Foundation of Bilingual Education and Bilingualism* (3. útgáfa). New York: Multilingual Matters Ltd.

Birna Arnbjörnsdóttir. (2007). Samfélag málnotenda: Íslendingar, innflytjendur og íslenskan. *Ritið*, 1, 63-81.

Björk Helle Lassen, Fríða B. Jónsdóttir og Hildur Blöndal. (2007). Íslenskur veruleiki, samfélag og skóli. Í Hanna Ragnarsdóttir, Elsa Sigríður Jónsdóttir og Magnús Porkell Bernharðsson (ritstjórar), *Fjölmennning á Íslandi* (bls. 151-184). Reykjavík: Háskólaútgáfan.

Cummins, J. (2000). *Language, power and pedagogy: Bilingual children in the crossfire*. Clevedon: Multilingual Matters Ltd.

Cummins, J., Mirza, R. og Stille, S. (2012). English language learners in Canadian schools: Emerging directions for school-based policies. *TESL Canada Journal*, 29(6), 25-48.

Denzin, N. K. og Lincoln, Y. S. (2003). *The landscape of qualitative research: theories and issues*. London: Sage

Elín Þöll Þórðardóttir. (2007). Móðurmál og tvítyngi. Í Hanna Ragnarsdóttir, Elsa Sigríður Jónsdóttir og Magnús Porkell Bernharðsson (ritstjórar), *Fjölmennning á Íslandi* (bls. 101-128). Reykjavík: Háskólaútgáfan.

Elsa Sigríður Jónsdóttir. (2010). Fjölskyldur í fjölmenningsamfélagi og samstarf skóla og heimila. Í Hanna Ragnarsdóttir og Elsa Sigríður Jónsdóttir (ritstjórar), *Fjölmennning og skólustarf* (bls. 257-285). Reykjavík: Rannsóknarstofa í fjölmenningsfræðum og Háskólaútgáfan.

Gargiulo, R. M. og Metcalf, D. (2008). *Teaching in today's inclusive classrooms. A universal design for learning approach*. Belmont: Wadsworth Cengage Learning.

Gay, G. (2000). *Culturally responsive teaching: Theory, research and practice*. New York: Teachers College Press.

- Hafdís Guðjónsdóttir og Jóhanna Karlsdóttir. (2010). Kennsla í fjölbreyttum nemendahópi. Í Hanna Ragnarsdóttir og Elsa Sigríður Jónsdóttir (ritstjórar), *Fjölmennning og skólastarf* (bls. 187-205). Reykjavík: Háskólaútgáfan.
- Hagstofa Íslands. (2017). *Mannfjöldi eftir bakgrunni 2017*. Sótt af <https://hagstofa.is/utgafur/frettasafn/mannfjoldi/mannfjoldi-efir-bakgrunni-2017/>
- Hanna Ragnarsdóttir. (2004). Íslenskir skólar og erlend börn? Skólaþróun í fjölmennningarlegu samfélagi. *Tímarit um menntarannsóknir*, 1, 145-153.
- Hanna Ragnarsdóttir. (2007). Börn og fjölskyldur í fjölmennningarlegu samfélagi og skólum. Í Hanna Ragnarsdóttir, Elsa Sigríður Jónsdóttir og Magnús Þorkell Bernharðsson (ritstjórar), *Fjölmennning og skólastarf* (bls. 209-225). Reykjavík: Háskólaútgáfan.
- Hanna Ragnarsdóttir. (2007). Fjölmennningarfræði. Í Hanna Ragnarsdóttir, Elsa Sigríður Jónsdóttir og Magnús Þorkell Bernharðsson (ritstjórar), *Fjölmennning á Íslandi* (bls. 17-40). Reykjavík: Háskólaútgáfan.
- Helga Jónsdóttir. (2003). Viðtöl sem gagnasöfnunaraðferð. Í Sigríður Halldórsdóttir og Kristján Kristjánsson (ritstjórar), *Handbók í aðferðafræði og rannsóknum í heilbrigðisvísindum* (bls. 67–84). Akureyri: Háskólinn á Akureyri.
- Helga Jónsdóttir. (2013). Viðtöl í eigindlegum og megingindlegum rannsóknum. Í Sigríðar Halldórsdóttir (ritstjóri), *Handbók í aðferðafræði rannsókna* (bls. 137-157). Akureyri: Háskólinn á Akureyri.
- Hulda Karen Daníelsdóttir, Ari Klængur Jónsson og Hilma Hólmfríður Sigurðardóttir. (2010). *Nemendur með annað tungumál í grunnskólum - upplifun fagfólks grunnskólanna*. Sótt af <http://www.mcc.is/media/frettit/Skyrsla---nemendur-med-islensku-sem-annad-tungumal.pdf>
- Hoff, E., Quinn, J.M. og Giguere, D. (2017). What explains the correlation between growth in vocabulary and grammar? New evidence from latent change score analyses of simultaneous bilingual development. *Developmental Science*, 21(2). Sótt af <https://doi.org/10.1111/desc.12536>
- Ingibjörg Hafstað. (1994). *Milli menningarheima. Um nám og kennslu nýbúa*. Reykjavík: Námsgagnastofnun.
- Janesick, V. (1994). *Handbook of qualitative research*. London: Sage
- Jóhanna Einarsdóttir. (2010). Reynolds og nám barna. Í Jóhanna Einarsdóttir og Ólafur Páll Jónsson (ritstjórar), *John Dewey í hugsun og verki: Menntun, reynsla og lýðræði* (bls. 57-72). Reykjavík: Háskólaútgáfan.
- Kristín Aðalsteinsdóttir, Guðmundur Engilbertsson og Ragnheiður Gunnbjörnsdóttir. (2007). Fjölmennningarleg kennsla í Manitoba í Kanada, í Noregi og á Íslandi. *Tímarit um menntarannsóknir*, 4, 137–156.
- Lichtman, M. (2013). *Qualitative research in education: A user's guide*. London: SAGE publications.

- Loewen, S. (2004) Second language concerns for refugee children. Í R. J. Hamilton og D. Moore (ritstjórar), *Educational interventions for refugee children: Theoretical perspectives and implementing best practice* (bls. 35-52). London; New York: RoutledgeFalmer.
- Lög um grunnskóla nr. 91/2008.*
- Ragna Lára Jakobsdóttir. (2007). Rannsóknir á Íslandi: fjölmenningsamfélagið. Í Hanna Ragnarsdóttir, Elsa Sigríður Jónsdóttir og Magnús Þorkell Bernharðsson (ritstjórar), *Fjölmennning á Íslandi* (bls. 17-21). Reykjavík: Rannsóknarstofa í fjölmenningarfræðum KHÍ og Háskólaútgáfan.
- Rósa Guðbjartsdóttir og Hanna Ragnarsdóttir. (2010). Kennarar og kennarastarf í fjölmennningarlegu samfélagi: Raddir kennara innflytjendabarna. *Tímarit um menntarannsóknir*, 7, 77-92.
- Samúel Lefever og Inga Karlsdóttir. (2010). Kennslufræði annars máls. Í Hanna Ragnarsdóttir og Elsa Sigríður Jónsdóttir (ritstjórar), *Fjölmennning og skólastarf* (bls. 109-128). Reykjavík: Rannsóknarstofa í fjölmenningarfræðum og Háskólaútgáfan.
- Sigríður Ólafsdóttir, Freyja Birgisdóttir, Hrafnhildur Ragnarsdóttir og Sigurgrímur Skúlason. (2016). Orðaforði og lesskilningur hjá börnum með íslensku sem annað mál – áhrif aldurs við komuna til Íslands. *Netla – Vef tímarit um uppeldi og menntun*. [http://netla.hi.is/serrit/2016/um\\_laesi/03\\_16\\_laesi.pdf](http://netla.hi.is/serrit/2016/um_laesi/03_16_laesi.pdf)
- Sigríður Ólafsdóttir og Freyja Birgisdóttir. (e.d.). *Tvítyngi og læsi*. Sótt af <http://lesvefurinn.hi.is/node/147>
- Sigurður Konráðsson. (2007). Íslenska: Móðurmál og annað mál. Í Hanna Ragnarsdóttir, Elsa Sigríður Jónsdóttir og Magnús Þorkell Bernharðsson (ritstjórar), *Fjölmennning á Íslandi* (bls. 131-149). Reykjavík: Rannsóknarstofa í fjölmenningarfræðum KHÍ og Háskólaútgáfan.
- Silverman, D. (2010). *Doing qualitative research: A practical handbook* (3. Útgáfa). London: Sage.
- Þórdís Gísladóttir. (2004). „Hvað er tvítyngi?“. *Ritið*, 4(1), 143-157. Hugvísindastofnun Háskóla Íslands, Reykjavík.

## Viðauki A: Leyfi

Sæl, ég heiti Heiðdís Júlíusdóttir og er nemi í Háskóla Íslands.

Í vor stefni ég á að útskrifast með M.Ed í Grunnskólakennarafræði. Ég vinn að því núna að skrifa lokaritgerðina mína sem fjallar um áhrif foreldra á íslenskunám tvítýngdra nemenda í unglingsdeild grunnskóla. Til þess að gera verkefnið mitt sem marktækast hafði ég hugsað mér að taka viðtöl við þrjá nemendur, kennara þeirra og foreldra í Grundaskóla og sömuleiðis í Brekkubæjarskóla. Ég fékk leyfi frá umsjónarkennara til að taka viðtal við hana og vonast til þess að fá að taka viðtal við ykkur foreldra og börn ykkar, með ykkar leyfi að sjálfsögðu. Spurningarnar eru 6-8 talsins og ætti hvert viðtal að taka um 20-30 mínútur. Það væri gaman að fá að spjalla við ykkur.

Með bestu kveðju, Heiðdís.